Hún er komin
– TVÆR GÓÐAR –
Hollustu-blómið
með ferskum grænmeti, reyktri kjúklingaskinku og grænmetissósu
Samloka
með graflaxi, kúli og graflaxsósu
HAMRABORG EHF.
SÍMI 456 3166

ÓNÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Miðvikudagur 3. desember 2003 • 48. tbl. • 20. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Veffang: www.bb.is • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 250 m/vsk

Gerum vel við höfuð-bólið

– sjá viðtal við Valdemar Lúðvík Gíslason atvinnubílstjóra í Bolungarvík í miðopnu

SAMKAUP
UP
OPIÐ:
Virka daga kl. 09 - 21
Laugardaga kl. 10 - 21
Sunnudaga kl. 12 - 21
Verið velkomin!
SAMKAUP
NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460

Ísafjarðardjúp

Hafnaði niður í fjöru

Á laugardag var lögreglan á Hólmavík kölluð út þar sem bíll hafði farið út af veginum við Laugaból í Ísafjarðardjúpi og hafnað niðri í fjöru.

Tveir farþegar voru í bílnum auk ökumanns og sluppu allir ómeiddir. Að sögn lögreglunnar varð það til happs að bílinn valt ekki en snerist og vísaði afturendanum út í sjó.

Hraðfrystihúsið Gunnvör hf., í Hnífsdal

Selur hlut sinn í Guðmundi Runólfssyni hf. í Grundarfirði

Skollaborg ehf., fjárfestingafélag Hraðfrystihússins-Gunnvarar hf. í Hnífsdal, hefur selt hlut sinn í sjávarútvegsfyrirtækinu Guðmundi Runólfssyni hf. í Grundarfirði. Kaupandi var GR-útgerð ehf. sem er að fullu í eigu Guðmundar Runólfssonar.

Samtals var um að ræða rúmar 54 milljónir króna að nafnverði eða 39,2 % af heildarhlutafé félagsins. Hraðfrystihúsið Gunnvör hf. keypti hlutinn að stærstu leyti í byrjun september á síðasta ári. Kaupverðið þá var 6,15 á hverja krónu nafnverðs en söluverðið í dag var 7,10. Samkvæmt tilkynningu til Kauphallar Íslands var hagnaður HG samstæðunnar af þessum viðskiptum 34 milljónir króna.

Einar Valur Kristjánsson framkvæmdastjóri HG sagði að þessi viðskipti hefðu alfarið verið að frumkvæði heimamanna. Skollaborg ehf. hefði boðist mjög ásættanlegt verð fyrir bréfin og því hefði verið ákveðið að selja. „Viðskiptin fóru fram í fullri sátt milli félaganna og það er vilji beggja félaga að halda áfram nánu samstarfi t.d. í fiskeldi.“ sagði Einar Valur. *– hj@bb.is*

ÚTGÁFAN

Bæjarins besta

ISSN 1670 - 021X

Útgefandi:
H-prent ehf.
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður
Sími 456 4560,
Fax 456 4564
Ritstjóri:
Sigurjón J. Sigurðsson,
sími 892 5362, bb@bb.is
Blaðamenn:
Kristinn Hermannsson
sími 863 1623
kristinn@bb.is
Halldór Jónsson
sími 892 2132
hj@bb.is
Ritstjóri netútgáfu:
Sigurjón J. Sigurðsson
sími 892 5362
Ljósmyndari:
Halldór Sveinbjörnsson
sími 894 6125,
halldor@bb.is
Ábyrgðarmenn:
Sigurjón J. Sigurðsson og
Halldór Sveinbjörnsson

Umboðsaðilar BB:
Eftirtaldir aðilar sjá um dreifingu á blaðinu á þéttbýlisstöðum utan Ísafjarðar: ***Bolungarvík:*** Sólveig Sigurðardóttir, Hlíðarstræti 3, sími 456 7305. ***Súðavík:*** Sólveig Gísladóttir, Arnarflöt 7, sími 456 4106. ***Suðureyri:*** Deborah Anne Ólafsson, Aðalgötu 20, sími 898 6328. ***Flateyri:*** Gunnhildur Brynjólfsdóttir, Brimnesvegi 12a, sími 456 7752. ***Þingeyri:*** Anna Signý Magnúsdóttir, Hlíðargötu 14, sími 456 8233.

Sölustaðir á Ísafirði: ***Hamraborg***, Hafnarstræti 7, sími 456 3166. ***Flugbarinn***, Ísafjarðarflugvelli, sími 456 4772. ***Bónus***, Ljóninu, Skeiði, sími 456 3230. ***Bókhlaðan***, Hafnarstræti 2, sími 456 3123. ***Bensínstöðin***, Hafnarstræti, sími 456 3574. ***Samkaup,*** Hafnarstræti 9-13, sími 456 5460. ***Krílið***, Sindragata 6, sími 456 3556.

Lausasöluverð er kr. 250 eintakið m.vsk. Áskriftarverð er kr. 215 eintakið. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti.

Aðventukvöld í Súðavíkurkirkju

Söngkór Súðavíkur ber uppi dagskrána

Aðventukvöld verður haldið í Súðavíkurkirkju nk. laugardag kl. 20:00 þar sem í boði verður fjölbreytt og vönduð dagskrá, söngur, hljóðfæraleikur og talað mál. Sóknarpresturinn, Valdimar Hreiðarsson flytur jólahugvekju, kveikt verður á aðventukransinum og barnakór syngur nokkur lög undir stjórn Rúnu Esradóttur. Blokkflautukvartett Suðureyrar leikur undir stjórn Lech Szyszko, en auk hans skipa kvartettinn þrjár stúlkur frá Suðureyri, Adda Bjarnadóttir, Anna Sigurðardóttir og Kristjana Gísladóttir.

Það er samt Söngkór Súðavíkur sem ber uppi dagskrána að mestu leyti. Kórinn er nú skipaður 18 konum en það er Sigríður Ragnarsdóttir, organisti Súðavíkurkirkju, sem hefur æft hann. Kórinn syngur fyrst einn þrjú lög með orgel- og blokkflautuundirleik en síðan bætast í hópinn kórfélagar úr Hnífsdalssókn, sem Hulda Bragadóttir hefur æft. Kórarnir munu flytja 5 jólalög sameiginlega í lok dagskrárinnar.

Aðventustundin í Súðavíkurkirkju er að jafnaði einstaklega hlýleg og vinaleg, í lokin fá allir kirkjugestir kerti og kveikja á þeim ljós, sem lýsa mun þeim inn í aðventuna.

Súðavíkurkirkja.

Sjávarútvegsnefnd alþingis

Vill upplýsingar um hver skar niður Hafró-tillögur

Sjávarútvegsnefnd alþingis styður hugmyndir Hafrannsóknastofnunar um aukna starfsemi á Ísafirði. Hafró hafnaði hinsvegar nefndinni um aðgang að fjárlagatillögum sínum þrátt fyrir að stofnunin hefði ekkert á móti því í upphafi. Málinu er ekki lokið segir nefndin. Í síðasta mánuði var upplýst á bb.is að Hafrannsóknastofnunin hefði í fjárlagatillögum sínum fyrir komandi ár gert ráð fyrir aukinni starfsemi á Ísafirði við veiðarfærarannsóknir og fiskeldisrannsóknir. Hafði stofnunin í hyggju að fjölga starfsmönnum um tvo á Ísafirði. Þegar fjárlagafrumvarpið kom fram varð ljóst að þessar tillögur höfðu ekki hlotið stuðning en ekki var upplýst hvar tillögurnar hefðu verið skornar niður.

Sjávarútvegsnefnd Alþingis fékk lögum samkvæmt fjárlagafrumvarpið til umsagnar og fékk til viðtals m.a. Jóhann Sigurjónsson forstjóra Hafró. Nefndin lagði til að fjárveitingar til Hafró yrðu auknar um 15,2 milljónir króna sem skiptust þannig að 5,5 milljónir króna færu til veiðarfærarannsókna og 9,7 milljónir króna færu til rannsókna á áframeldi í þorski. Eru þessar tillögur samkvæmt heimildum bb.is samhljóða upphaflegum tillögum Hafró Einhugur var í sjávarútvegsnefnd um þetta mál. Í breytingartillögum fjárlaganefndar sem lagðar hafa verið fyrir aðra umræðu um fjárlög er ekki fallist á þessa tillögu sjávarútvegsnefndar.

Útibú Hafrannsóknastofnunar á Ísafirði er til húsa í Þróunarsetri Vestfjarða við Árnagötu á Ísafirði.

Á fundi þeim sem forstjóri Hafró sat með sjávarútvegsnefnd alþingis fór nefndin þess á leit að fá afhentar upprunalegar fjárlagatillögur Hafró og var þeirri beiðni vel tekið samkvæmt því sem fram kemur í bókun nefndarinnar. Þegar til kastanna kom hafnaði stofnunin hinsvegar að afhenda nefndinni tillögurnar með þeirri skýringu að um vinnugögn væri að ræða og vísaði beiðninni til sjávarútvegsráðuneytisins. Samkvæmt heimildum blaðsins hafa viðbrögð Hafró vakið furðu nefndarinnar og talið er víst að ráðuneytið hafi lagt að stofnuninni að afhenda ekki gögnin. Í bókun sjávarútvegsnefndar kemur fram að nefndin hyggist taka þessa málsmeðferð til frekari skoðunar. Einhugur var í sjávarútvegsnefnd um þetta mál.

– hj@bb.is

Íslandssaga ehf.,

Segir upp níu manns

Íslandssaga ehf., á Suðureyri hefur sagt upp níu starfsmönnum vegna hagræðingar í starfi, eins og það heitir. Fjórir af þeim níu sem var sagt upp fá endurráðningu, ef þeir vilja. Var þetta tilkynnt á starfsmannafundi hjá fyrirtækinu á föstudag.

Óðinn Gestsson, framkvæmdastjóri Íslandssögu, sagði í samtali við Svæðisútvarpið að uppsagnirnar tengdust slæmri hjá fyrirtækinu. Þá eru yfirvofandi áherslubreytingar í framleiðslu, færa á hluta vinnslunnar úr frystingu og yfir í söltun.

bb.is

púlsinn fyrir vestan

RITSTJÓRNARGREIN

Einokun í skugga frelsis

Þegar horft er á umfang losunar á taumhaldi ríkisins á sviðum atvinnulífsins, þar sem hæst ber sölu á Búnaðarbanka og Landsbanka, þarf engan að undra þótt sitthvað hafi farið úrskeiðis. Hvort sem um er að kenna afleiðingu þeirrar einokunar og áþjánar sem Íslendingar bjuggu við öldum saman eða ekki, þá er deginum ljósara að þessi snöggu umskipti ollu því að nýríkir viðskiptajöfrar, hinnar áður vesölu og fátæku þjóðar, kunnu sér ekki læti. Sögur má lesa af harðvítugu kapphlaupi og blóðugri baráttu gullgrafara fyrri tíma við að helga sér landskika. Á Íslandi tókust hinir nýríku á um yfirráð yfir helstu fyrirtækjum landsins í bakherbergjum peningamusteranna í höfuðborginni.

Mögrum hefur reynst erfitt að feta sig á dyggðanna þrönga vegi. Búnaðarbankamálið bar með sér að siðferðisvitundinni þar á bæ reyndist um megn að fóta sig á hálu svelli frelsisins. Fall forkólfanna var mikið. Margir álengdar brugðust harkalega við, sumir áberandi sárir.

Meira um frelsi. Er frelsið bundið við afsal ríkisins á helstu fyrirtækjum sínum til réttra aðila, líkt og látið hefur verið í veðri vaka? Gildir frelsið bara um arðsemiskröfur hluthafanna? Hvers eiga stofnanir eins og happdrætti DAS og SÍBS að gjalda? Hvers vegna í ósköpunum hyggst Alþingi Íslendinga viðhalda áratuga gamalli einokun Háskóla Íslands á peningahappdrætti á Íslandi?

Enginn efast um ágæti Háskólahappdrættisins og framlag þess til æðstu menntastofnunar landsins. En efast einhver um ágæti hinna happdrættanna? Hver væri staða Reykjalundar ef happdrættisins hefði ekki notið við? Og hvernig ætla happdrættiseinokunarsinnar að gengið hefði að „búa öldruðum áhyggjulaust ævikvöld“ án happdrættis DAS? Lottóin greiða vinninga sína út í beinhörðum peningum. Hvers vegna eru þau réttthærri en DAS og SÍBS? Ekki er aldrinum eða hefðinni fyrir að fara hvað lottóin varðar.

Framtíð happdrætta DAS og SÍBS er í höndum þingmanna. Verði einokun Háskólahappdrættisins framlengd til næstu fimmtán ára, eins og til stendur, verður þess ekki langt að bíða að happdrættin, sem hér hafa sérstaklega verið gerð að umtalsefni, leggi upp laupana. Hafa þingmenn íhugað hverjar afleiðingar þess kunni að verða? Áður en þeir endurnýja einokun Háskólahappdrættis verður afstaða þeirra að vera ljós: Eru þeir reiðubúnir að bæta DAS og SÍBS upp tekjutapið, sem hlýst af brotthvarfi happdrættanna, með framlögum úr ríkissjóði?

Atburðir síðustu viku benda vart til þess.

– s.h.

Lestu nýjustu fréttir daglega á www.bb.is

Ísabella Másdóttir og Sunnar Karen Einarsdóttir æfa dúett undir leiðsögn Margrétar Gunnarsdóttur.

Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar á Ísafirði

Fagnar tíu ára afmælinu

Á föstudag eru liðin tíu ár frá því Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar var stofnaður en stofndaginn bar upp á 119. fæðingarafmæli Rögnvaldar Ólafssonar, arkitekts, 5. desember 1993. Fjölbreytt námskeiðahald hefur verið hjá skólanum frá upphafi, m.a. hefur hann sinnt margíslegri myndlistarkennslu, tónlist, dansi, og leiklist svo fátt eitt sé nefnt.

Alla næstu helgi verður tímamótunum fagnað í Edinborgarhúsinu með því að sýna afrakstur nemenda skólans. Á föstudagskvöld kl. 19 eru tónleikar píanó- og gítarnemenda, og á laugardag kl. 16 verður haldin afmælishátíð. Allir eru velkomnir, bæði gamlir og nýir velunnarar skólans. Boðið verður upp á sýnishorn af því helsta sem myndlistarfólk hefur verið að sýsla innan veggja skólans, sungið og dansað. Á sunnudag kl. 13 og 14 verða svo danssýningar þar sem listdansnemar skólans koma fram.

Rögnvaldur Ólafsson hannaði Edinborgarhúsið sem hefur verið helsta aðsetur listaskólans. Menningarmiðstöðin Edinborg og listaskólinn eru nátengd en eigendur listaskólans eru allir hluthafar í Edinborgarhúsinu og hefur skólinn átt drjúgan þátt í að gæða menningarmiðstöðina lífi. Að listaskólanum standa Myndlistarfélagið á Ísafirði, Litli leikklúbburinn, Tónlistarskóli Margrétar Gunnarsdóttur og Lúðrasveit Ísafjarðar.

– kristinn@bb.is

Árbók sveitarfélaga 2003

Skatttekjur á íbúa hæstar í Ísafjarðarbæ

Ísafjarðarbær var með hæstar skatttekjur sveitarfélaga á Vestfjörðum á hvern íbúa án framlaga frá Jöfnunarsjóði á árinu 2002. Broddaneshreppur er með lægstu tekjurnar. Þetta kemur fram í árbók sveitarfélaga 2003 sem kom út fyrir skömmu.

Skatttekjur Ísafjarðarbæjar eru 236 þúsund krónur á íbúa en næst í röðinni á Vestfjörðum er Súðavíkurhreppur með 218 þúsund krónur. Reykhólahreppur var með 205 þúsund krónur í skatttekjur af hverjum íbúa, Kaldrananeshreppur var með 201 þúsund krónur, Bolungarvík og Vesturbyggð voru með 196 þúsund krónur, Tálknafjörður var með 195 þúsund krónur,Hólmavíkurhreppur var með 179 þúsund, Árneshreppur var með 178 þúsund krónur, Bæjarhreppur var með 176 þúsund krónur og lestina rekur Broddaneshreppur, eins og áður sagði, með 154 þúsund krónur á hvern íbúa.

Af öðrum sveitarfélögum á landinu má nefna að Reykjavíkurborg var með 237 þúsund krónur í tekjur, Akranes var með 213 þúsund krónur, Skagafjörður var með 193 þúsund krónur og Fjarðabyggð var með 242 þúsund krónur á hvern íbúa í skatttekjur. Það skal áréttað að þessar tölur fela í sér skatttekjur án framlaga Jöfnunarsjóðs. *– hj@bb.is*

Gámaþjónusta Vestfjarða ehf.

Kaupir Hak ehf.

Gámaþjónusta Vestfjarða ehf. á Ísafirði hefur fest kaup á öllum hlutabréfum í Haki ehf. í Bolungarvík og verður rekstur þeirra sameinaður. Kaupin fóru fram í síðustu viku og tók Gámaþjónustan þegar við rekstri fyrirtækisins.

Hak ehf. hefur sérhæft sig í flutningi á fiskbeinum og rækjuskel frá sjávarútvegsfyrirtækjum á norðanverðum Vestfjörðum. Fyrirtækið rekur eina vörubifreið og tuttugu gáma. Að sögn Ragnars Kristinssonar framkvæmdastjóra Gámaþjónustu Vestfjarða ehf. bar kaupin brátt að.

„Starfsemi Haks ehf. fellur mjög vel að því sem við erum að gera og því ákváðum við að slá til. Starfsemin í Bolungarvík verður óbreytt og sinnt af okkar starfsmanni þar.“ sagði Ragnar í samtali við blaðið.

Gámaþjónusta Vestfjarða ehf. er fimmtán ára um þessar mundir og hefur aukið umsvif sín með árunum. Í dag eru starfsmennirnir níu að tölu. „Við höfum farið okkur hægt, því sígandi lukka er best“ sagði Ragnar.

– hj@bb.is

Slunkaríki á Ísafirði

Bergur Thorberg sýnir um helgina

Bergur Thorberg myndlistarmaður opnar sýningu í Slunkaríki á Ísafirði á laugardag. Bergur er sjálfmenntaður en hefur dvalið langdvölum erlendis og kynnt sér myndlist. Hann notar óhefðbundin efni til listsköpunar sinnar. Nokkurs konar blöndu af kaffi og akrýlmálningu notar hann til sköpunar sinnar.

Bergur er á ferð um landið með verk sín. Byrjaði för sína í fæðingarbæ sínum Skagaströnd og síðar var hann í Vestmannaeyjum. Héðan reiknar hann með að halda til Akureyrar. Sýning Bergs verður í Slunkaríki á laugardag og sunnudag. Opið er frá kl.14-16 báða dagana. *–hj@bb.is*

Götunöfn í nýju íbúðahúsahverfi á Skeiði

Joensuugata eða Nanortalikgata í boði

Þegar menn hafa lyft grettistökum er líklegt að menn leggist til hvílu í bóli sínu. Hinsvegar eru ekki margir sem eiga lögheimili að Bóli 2 eða þá Grettistökum 3 svo dæmi séu nefnd. Ísfirðingar gætu það í framtíðinni, ef hugmyndir þær sem nú liggja fyrir umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar ná fram að ganga.

Fyrir skemmstu auglýsti umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar eftir hugmyndum að nöfnum á götur í hinu nýja íbúðahverfi sem nú er í undirbúningi í landi Tungu fyrir botni Skutulsfjarðar. Nokkrar hugmyndir bárust nefndinni og voru þær kynntar á fundi nefndarinnar á dögunum.

Margar tillögur bera endinguna tunga og má þar nefna Álfatungu, Ártungu, Bæjartungu, Efritungu, Neðritungu, Bræðratungu, Túnatunga. Af fleiri nöfnum má nefna Hnífaveg, Grundargerði, Sandskeið, Nónmýri, Þingskeið. Einnig hafa menn haft í huga vinabæi Ísafjarðar því á listanum eru Nanortalikgata, Hróarskeldugata, Tönsberggata, Skálagata, Joensuugata og Linköpinggata. Sólin er eins og ávallt ofarlega í hugum Ísfirðinga því lagt er til að ein gatan heiti Sólgerði.

Umhverfisnefnd ákvað að fresta ákvörðun til næsta fundar.

– hj@bb.is

Aðalstræti 18 Ísafirði

(gamla pósthúsið)

til sölu eða leigu

Húsið er 3ja hæða steinhús. Grunnfletir: 1. hæð er ca. 190m² auk tengibyggingar sem er ca. 55m². 2. hæð er ca. 190m². 3. hæð er ca. 160-170m².

Áhugasamir snúi sér til Björns Jóhannessonar hdl., sími 456 4577 sem veitir nánari upplýsingar.

Með allar fyrirspurnir verður farið sem trúnaðarmál.

Tannlæknarnir Viðar Konráðsson og Sigurjón Guðmundsson ásamt samstarfskonum sínum þeim Ragnheiði Davíðsson, Sólveigu Gísladóttur og Margréti Gunnarsdóttur. Á myndina vantar Kristínu Marteinsdóttur og Grétu Gunnarsdóttur.

Tannlæknastofan á Ísafirði er 20 ára um þessar mundir

Heldur í tíu ára gamla aðventuhefð

Um þessar mundir eru liðin tuttugu ár því tannlæknastofan á Ísafirði flutti í húsakynni heilsugæslustöðvarinnar úr Silfurgötu 6 þar sem vefnaðarvöruverslunin Baðstofan er nú til húsa. Önnur tímamót eru hjá tannlæknastofunni þar sem nú hefst tíunda aðventan sem starfsfólk hennar fagnar með nokkuð óvanalegum „aðventukransi“. Í stað hefðbundins grenihrings með kertum er hafðar fjórar rauðvínsflöskur ein fyrir hvern föstudag á aðventunni enda stofan lokuð á sunnudögum. Upphaflega hugmyndin var sú að þegar flaska væri tæmd yrði hún notuð sem kertastjaki og undir lok aðventunnar væri hægt að láta loga á fjórum kertum. „Aðventukransinn“ hefur þróast mikið síðan þá eins og sjá má. Að þessu sinni, eins og oft áður, sá Díana Hólmsteinsdóttur, eiginkona Viðars tannlæknis, um útbúa aðventuskreytinguna. – *kristinn@bb.is*

Fjórar innpakkaðar rauðvínsflöskur ásamt jafnmörgum jólasveinakertum.

Elísabet Agnarsdóttir, Helga Guðný Kristjánsdóttir og Margrét Hauksdóttir einbeittar við steikinguna.

Bökuðu laufabrauð í kílóavís

Velunnarar Tónlistarskóla Ísafjarðar komu saman í eldhúsi Menntaskólans á Ísafirði á laugardag til að baka laufabrauð sem boðin verða á árlegri jólatorgsölu styrktarsjóðs skólans sem fram fer á Silfurtorgi á laugardag. Fjöldi manna kom að verkinu en alls var bakað úr 22 kílóum af hveiti. Daginn áður hafði deigið verið útbúið á heimili Elísabetar Agnarsdóttur á Ísafirði en síðan var það flatt út í vélum Gamla bakarísins. Jafnt ungir sem aldnir kepptust við að skera út en þrautreynd sveit styrktarsjóðskvenna sá um steikinguna. Torgsalan hefur jafnan verið sjóðnum drjúg tekjulind enda hafa þeir fjármunir sem safnast hafa í sjóðinn skipt sköpum í uppbyggingu og velferð Tónlistarskóla Ísafjarðar. – *kristinn@bb.is*

Lestu nýjustu fréttir daglega á www.bb.is

Gildir fimmtudag til sunnudags eða meðan birgðir endast
Helgartilboð
329 kr
Cocoa Puffs 553 gr
20% afsl.
Borgarnes paté
199 kr
Cadbury's sútkulaði Cadbury's Kids fun pack fritt með
599 kr
Mackintosh konfekt 438 gr
299 kr
Bautabúrs hamborgarar með brauði
30% afsl.r
Lax reyktur eða grafinn
79 kr
Vikings maltöl
799 kr/kg
Grísa-primo léttreykt
999 kr/kg
Raftaskinka gourmet
299 kr/kg
Svið
Þú kaupir 2 ltr. mjúkís og færð 8 Súper-frostpinna fritt með
899 kr
Pesto ofnsteik
Jólavörur í miklu úrvali
SAMKAUP
...góði og ferðbúið!
Heimasíða Samkaupa er: www.samkaup.is
Hafnarstræti 9-13 Ísafirði - Sími 456 5460

Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar á Ísafirði

Óskar eftir hærri styrk vegna fjölgunar nemenda

Nemendum Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar hefur fjölgað mikið að undanförnu og því hefur skólinn farið fram á hærri styrk frá Ísafjarðarbæ til starfseminnar. Bæjarfulltrúi Samfylkingar segir skólann skrautfjöður og því verði að tryggja starfsemi hans. Bæjarráð samþykkti að „endurskoða aðkomu að tónlistarnámi og öðru listanámi í bæjarfélaginu.“

Menningarmiðstöðin Edinborg á Ísafirði þar sem Listaskóli Rögnvaldar er til húsa.

Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar sendi á dögunum bréf til Ísafjarðarbæjar þar sem rakin er starfsemi skólans sem verður 10 ára þann 5.desember. Í bréfinu sem Margrét Gunnarsdóttir ritar fyrir hönd skólans kemur fram að skólastarfið sé í stöðugri þróun og örum vexti og séu nemendur hans á haustönn 177 talsins. Flestir nemar eru í tónlist, myndlist, listdansi og jassballett.

Í bréfinu segir einnig frá því að menntamálaráðuneytið hafi samþykkt í september að Listdansskóli Íslands tæki að sér kennslu í listdansi og jassballett við skólann. Laun kennara greiðir Listdansskólinn en Listaskóli Rögnvaldar sér um kennsluaðstöðu, húsnæði, dagpeninga, ferðakostnað og annað sem til fellur vegna komu kennara hingað.

Þá segir í bréfi Margrétar: „Eins og fyrr segir þá fagnar skólinn 10 ára afmæli sínu 5. desember n.k. Styrkur Ísafjarðarbæjar nær ekki að greiða eitt stöðugildi tónlistarkennara. sem miðast við 20 nemendur. Í janúar á þessu ári gerðu LRÓ og Ísafjarðarbær með sér samkomulag dagsett 30.01 2003 um að fá menntamálaráðuneytið til að koma til móts við starfsemi skólans með fjárframlagi. Segja má að ofangreint samstarf við Listdansskóla Íslands sé upphafið að því að ná settu markmiði, ...„að fá viðurkenningu á hinni margþættu og mikilvægu starfsemi skólans“.

Unnið er að því að fá styrk frá ráðuneyti menntamála til kennslu í öðrum listgreinum en tónlist, jafnvel svo að LRÓ verði tilraunaverkefni um þetta fyrirkomulag á listaskólum víðar á landsbyggðinni.“

Samkvæmt bréfi Margrétar fær skólinn nú 2,5 milljónir króna í styrk frá Ísafjarðarbæ en þyrfti að fá 4,5 milljónir króna ef bærinn ætti að greiða launakostnað við fasta kennslu í tónlist. Bréf Margrétar var tekið fyrir í bæjarráði og var eftirfarandi bókað á fundinum: „Bæjarráð samþykkir að farið verði í endurskoðun á aðkomu Ísafjarðarbæjar að tónlistarnámi og öðru listnámi í bæjarfélaginu. Bæjarráð felur bæjarstjóra og fræðslunefnd að hefja endurskoðun.“

– hj@bb.is

KONA VIKUNNAR

Formúlan í miklu uppáhaldi

Nafn: Bryndís Baldursdóttir.
Fædd/-ur, hvar og hvenær: Á Siglufirði 02.08.1945.
Atvinna: Bankastarfsmaður.
Fjölskylda: Gift Gunnari Steinþórssyni og eigum við þrjú börn, Ragnheiði, Steinþór og Brynhildi.
Helstu áhugamál: Fjölskyldan, útivera, hannyrðir og margt fleira.
Bifreið: Toyota Landcruiser árg. 2003.
Hvernig bíl vildir þú helst eiga? Toyotu Landcruiser.
Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú varst lítill? Ætli ég hafi ekki viljað vera búðarkona, var alltaf í búðarleik.
Uppáhalds matur? Kalkúnn og humar.
Versti matur sem þú hefur smakkað? Selkjöt.
Uppáhalds drykkur? Vatnið er alltaf best.
Uppáhalds tónlist? Jólalögin.
Uppáhalds íþróttamaður eða félag? Enginn.
Uppáhalds sjónvarpsefni? Formúlan.
Uppáhalds vefsíðan? bb.is og siglo.is
Besta kvikmynd sem þú hefur séð? Engin sérstök.
Fallegasti staður hérlendis? Álftamýri í Arnarfirði.
Fallegasti staður erlendis? Gran Canyon í USA.
Ertu hjátrúarfull(ur)? Bæði og.
Uppáhalds heimilistækið? Þvottavélin ásamt öllum hinum tækjunum.
Hvað er það skemmtilegasta sem þú gerir? Að renna mér á skíðum niður góða brekku.
Hvað fer mest í taugarnar á þér og hvers vegna? Þegar fólk rífst og skammast út af engu.
Hvað gerir þú til að láta þér líða vel? Fer í nudd til Siggu Maju.
Áttu þér leyndan draum sem þú ætlar að láta rætast? Kemur í ljós með vorinu.
Hvað er það neyðarlegasta sem þú hefur lent í? Man ekki eftir neinu sérstöku.
Ef þú værir bæjarstjóri í einn dag, hverju myndir þú breyta? Láta skipta um gangstétt fyrir framan Landsbankann.
Lífsmottó? Heilbrigt líferni.

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða

Tekur formlega við Fjórðungssambandinu um áramótin

Yfirtaka Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða á rekstri Fjórðungssambands Vestfirðinga tekur formlega gildi um næstu áramót að sögn Guðna G. Jóhannessonar, formanns stjórnar Fjórðungssambandsins. Í kjölfar brotthvarfs framkvæmdastjóra Fjórðungssambandsins úr starfi í sumar var ákveðið á fjórðungsþingi að ráða Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða til að reka málefni sambandsins.

„Atvinnuþróunarfélagið hefur séð um okkar mál en við munum ganga endanlega frá samningum þar um nú í desember“, segir Guðni. Aðspurður um hvort bætt verði við starfsfólki hjá Atvest til að sinna verkefnum Fjórðungssambandsins segir Guðni alfarið vera stjórnar Atvest að hugsa fyrir því.

„Framkvæmdastjóri Atvest verður okkar tengiliður en síðan vinna starfsmenn félagsins að þeim verkefnum sem koma inn á borð eftir því sem best þykir henta“, sagði Guðni.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, fyrrv. sveitarstjóri, hefur verið ráðin tímabundið til Atvinnuþróunarfélagsins til að sinna málum Fjórðungssambandsins fram til áramóta.

– kristinn@bb.is

Arnar G. Hinriksson hdl.
Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243
Fasteignaviðskipti
Hef til sölu fasteignir víða á Vestfjörðum
Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu

Stofnun háskóla á Vestfjörðum

Tillaga um framlag í fjárlögum næsta árs

Jón Bjarnason (U) og Guðjón Arnar Kristjánsson (F) hafa lagt fram á Alþingi breytingartillögu við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2004. Leggja þeir til að veittar verði 15 milljónir króna til undirbúnings stofnunar Háskóla Vestfjarða á Ísafirði.

Í greinargerð með tillögunni segir m.a.: „Umfangsmikið símenntunar- og háskólastarf er nú í uppbyggingu á Ísafirði og vinnur Fræðslumiðstöð Vestfjarða, ásamt öðrum heimaaðilum, gott brautryðjendastarf. Háskólinn á Akureyri, Háskóli Íslands og Kennaraháskólinn hafa unnið ötullega að því að bjóða fram háskólanám með fjarkennslu.

Á Ísafirði eru miklir möguleikar til að mynda sterka kennslustofnun sem mótar sérstöðu sína á grundvelli atvinnulífs og framtíðarmöguleika svæðisins. Hún tekur jafnframt að sér og stýrir rannsóknum, vöktun og nýtingu á fjölbreyttum náttúruauðlindum Vestfjarða og hafinu umhverfis.

Miðstöð veiðarfærarannsókna og kennsla í gerð og notkun veiðarfæra væri vel staðsett á Ísafirði svo dæmi sé nefnt. Reynslan hefur sýnt að litlar stofnanir í sterkum og nánum tengslum við auðlindir, atvinnulíf heimahéraðs geta orðið öflugar ef þær fá til þess sjálfræði og stuðning.“

Sauðfjársetrið á Ströndum

Á fjórða þúsund gestir

Samkvæmt yfirliti um starfsemi Sauðfjárseturs á Ströndum í ár kemur fram að yfir sumartímann heimsóttu 3200 gestir sýninguna í Sævangi sem eru heldur fleiri en árið áður. Flestir komu þegar hátíðisdagar voru haldnir í tengslum við sýninguna t.d. sumarhátíð í júlí og á meistaramót í hrútadómum og dráttarvéladag í ágúst. Spurningakeppni sem haldin var í ársbyrjun var einnig mjög vinsæl meðal heimamanna, segir í tilkynningu frá Sauðfjársetri.

Þar kemur einnig fram að áætlanir um uppbyggingu sýningarinnar hafi að mestu leyti gengið eftir, bæði hvað varðar kostnað við uppbyggingu, rekstrartekjur og gjöld. Fjármögnun hafi hins vegar gengið hægar fyrir sig en vonast var til sem hafi skapað erfiðleika í rekstrinum.

Forsvarsmenn Sauðfjárseturs vonast þá til að úr rætist á næsta ári en í nýkomnum breytingatillögum meirihluta fjárlaganefndar við fjárlagafrumvarpið er gert ráð fyrir einnar milljón króna styrk til Sauðfjársetursins.

– kristinn@bb.is

Stefnumótun í menningarmálum lögð fyrir sveitarstjórnir á Vestfjörðum

Sveitarfélög á Vestfjörðum efli menningarstarf á svæðinu

Lagt er til að sveitarfélög á Vestfjörðum geri samstarfssamning sín á milli um menningarmál en einnig verði gerður samningur milli sveitarfélaga og ríkis um uppbyggingu málaflokksins. Komið verði á fót Menningarráði Vestfjarða og verði fjórðungnum skipt í þrjú samstarfssvæði um menningarmál. Þetta kemur fram í tillögum vinnuhóps sem skipaður var í janúar og hefur starfað undir stjórn Dagnýjar Sveinbjörnsdóttur, verkefnisstjóra hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða. Í vinnuhópnum sátu fulltrúar frá sveitarfélögum á Vestfjörðum en enginn fulltrúi var frá lista eða menningarfélögum. Tillögurnar eru nú til umsagnar hjá sveitarfélögunum.

Vinnuhópnum var falið að móta sameiginlega stefnu sveitarfélaga á Vestfjörðum í málaflokknum. Upphaf málsins má rekja til fjórðungsþings á Reykhólum árið 2001 þar sem var samþykkt að hefja undirbúning að gerð samstarfssamnings á milli menntamálaráðherra og sveitarfélaga um menningarmál í fjórðungnum. Hópurinn tók í störfum sínum mið af hliðstæðri stefnumótunarvinnu sem unnin hefur verið á Austurlandi og Vesturlandi.

Í tillögunum eru tilgreind þrjú samstarfssvæði í menningarmálum. Í fyrsta lagi Strandir og Reykhólar, í öðru lagi Barðastrandasýsla, Vesturbyggð og Tálknafjörður og að síðustu Ísafjarðarbær, Bolungarvík og Súðavík.

Í framhaldi af samningi milli sveitarfélaga verði gerður samningur við ríkisvaldið um samstarf. Tilgangur þessara samninga verði sá „að sveitarfélög á Vestfjörðum efli menningarstarf á svæðinu, leggi aukna áherslu á að menning sé hluti af atvinnu- og búsetuskilyrðum svæðisins og viðurkenni menningarmál sem eitt af mikilvægum verkefnum sveitarfélaganna. Með samningnum verði stuðningi ríkis og sveitarfélaga á Vestfjörðum við menningarstarf beint í einn farveg og áhrif heimamanna aukin í uppbyggingu og forgangsröðun verkefna á sviði menningarmála.“ eins og segir í samningsdrögum sem vinnuhópurinn samdi.

Vinnuhópurinn gerir einnig að tillögu sinni að stofnað verði Menningarráð Vestfjarða sem verði sjálfstætt ráð sveitarfélaga á Vestfjörðum. Ráðinu er ætlað, samkvæmt tillögum hópsins, að hafa yfirstjórn menningarmála í fjórðungnum og m.a. að úthluta fjármagni til menningarverkefna sem hingað til hefur verið veitt beint til ákveðinna verkefna frá ríki og sveitarfélögum. Lagt er til að menningarráðið verði skipað tveimur fulltrúum frá hverju menningarsvæði sem áður voru nefnd. Annar fulltrúi hvers svæðis verði sveitarstjórnarmaður en hinn af vettvangi menningar og lista. Auk þess er Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða ætlað að skipa einn fulltrúa í menningarráðið þannig að samtals skipi það sjö manns. Gert er ráð fyrir að menningarráðið hafi starfsmann sem sinni menningarmálum í fjórðungnum í umboði þess.

Menningarráð Vestfjarða skal auglýsa eftir umsóknum um styrki úr Menningarsjóði Vestfjarða. Við úthlutun styrkja skal samkvæmt tillögum starfshópsins hafa til hliðsjónar: „Gæði verkefna, jafnræði samstarfssvæðanna og fjölbreytni menningarstarfs.“ Samkvæmt þessu virðast svæðin þrjú standa jafnfætis þrátt fyrir mikinn mun á íbúafjölda. Einnig segir í tillögum hópsins að skilyrði fyrir úthlutun úr sjóðnum sé að viðkomandi umsækjandi sýni fram á mótframlag til verkefnisins.

Samkvæmt samningsdrögunum sem hópurinn hefur gert skuldbinda sveitarfélögin sig til þess að leggja á samningstímanum ekki lægri fjárhæð til menningarmála árlega en gert er fyrir gildistöku samningsins og jafnframt stefnt sé að því að auka framlögin. Gert er ráð fyrir að gildistími samningsins sé til 2006. – *hj@bb.is*

Sundstræti 36.

Fasteignamat ríkisins og Ísafjarðarbær

Takast á um fasteignamat á Sundstræti 36

Ísafjarðarbær hefur ákveðið að kæra til yfirfasteignamatsnefndar lækkun Fasteignamats ríkisins á fasteignamati Sundstrætis 36 á Ísafirði. Um töluverða hagsmuni er að ræða fyrir bæjarsjóð. Fleiri slík mál gætu verið í uppsiglingu víðsvegar um landið. Fasteignin Sundstræti 36 var áður fyrr í eigu Hraðfrystihússins Norðurtanga hf. og m.a. rekin þar fiskvinnsla.

Þegar fiskvinnslu var hætt í húsinu fyrir sex árum var þar úrelt sem fiskvinnsluhús og komst í eigu Þróunarsjóðs sjávarútvegsins. Síðan hefur húsið skipt nokkrum sinnum um eigendur. Engin starfsemi hefur verið í húsinu undanfarin ár. Samkvæmt upplýsingum blaðsins hefur lítið verið um húseignina hirt og hefur hún látið mjög á sjá. Hafa til dæmis orðið miklar frostskemmdir innandyra eftir að hiti var tekinn af húsinu.

Því þótti eiganda hússins, Eignarhaldsfélaginu Jöfri hf., að það stæði ekki lengur undir fasteignamati sínu sem var rúmar 93 milljónir króna. Því var óskað eftir endurmati hússins og fór það fram í vor. Niðurstaða endurmatsins var sú að fasteignamatið lækkaði í rúmar 66 milljónir króna. Fasteignagjöld sveitarfélaga reiknast útfrá fasteignamati og því leiddi þetta lækkaða mat til þess að tekjur Ísafjarðarbæjar af húseigninni lækkuðu um 527 þúsund krónur að sögn Stefáns Brynjólfssonar, byggingafulltrúa Ísafjarðarbæjar.

Ísafjarðarbær sætti sig ekki við þess niðurstöðu og óskaði eftir rökstuðningi Fasteignamatsins. Sá rökstuðningur barst á dögunum. Í honum segir að húsbyggingin þarfnist mikillar viðgerðar við og sé í matinu miðað við að eignin sé tilbúin undir tréverk. Bæjarráð Ísafjarðarbæjar ákvað á fundi sínum í vikunni að sætta sig ekki við þessi málalok og ákvað að fela byggingafulltrúa að kæra úrskurðinn til yfirfasteignamatsnefndar. Þar verður væntanlega skorið úr því endanlega hvert fasteignamat húseignarinnar er.

Sem kunnugt er voru mörg fiskvinnsluhús úrelt á sínum tíma og hefur mjög lítil starfsemi verið í mörgum þeirra. Nokkur hafa því grotnað niður. Því er búist við að fleiri slík mál komi upp á næstunni. Staða sveitarfélaganna er erfið í þessu máli. Með ákvörðunum ríkisvaldsins er atvinnuhúsnæði í sveitarfélögunum gert verðlítið eða verðlaust og þar af leiðandi minnka tekjur sveitarfélaganna. Á sama tíma er krafa meðal borgaranna um sívaxandi þjónustu með tilheyrandi kostnaði. – *hj@bb.is*

.is – Tölvuþjónusta

Alhliða þjónusta:

- Tölvuviðgerðir
- Tölvukennsla
- Tölvuráðgjöf
- Tölvuíhlutir
- Vírusvarnir
- Vefsíðugerð
- Þjónustusamningar

Hringdu núna og fáðu tilboð í uppfærslu á gömlu tölvuna.
Frábær verð á tölvum og íhlutum.

.is
Hlíðarvegi 14
400 Ísafirði
Sími: 847-9989
E-mail: valtyrgisla@simnet.is
http://run.to/valtyr

Microsoft CERTIFIED Professional

Skátastarf á Ísafirði í 75 ár

Varðeldur við Dyngju í tilefni afmælisins

Á laugardag héldu skátar á Ísafirði upp á að um þessar mundir eru 75 ára frá því skátastarf hófst í bænum. Héldu þeir mikinn varðeld við skála sinn Dyngju á Dagverðardal. Þrátt fyrir frekar hryssingslegt veður mætti fjölmenni á staðinn til samfagna með skátahreyfingunni. Að hætti skáta var sungið og leikið auk þess sem nýir félagsmenn fóru með skátaheitið. Skátafélagið Einherjar var stofnað á hlaupársdaginn árið 1928 og síðar sama ár, á þjóðhátíðardegi Norðmanna, var kvenskátafélagið Valkyrjan stofnað. Síðasta áratuginn hafa þessi félög starfað sameinuð. – *hj@bb.is*

Varðeldur skáta kveiktur.

Ungir skátar fara með skátaheitið ásamt Snorra Hermannssyni.

Söngurinn fylgir skátunum...

Skátar létu veðrið ekki hafa áhrif á gleði sína.

Karlakórinn Ernir á tónleikunum í Ísafjarðarkirkju.

Karlakórinn Ernir á norðanverðum Vestfjörðum

Hélt jólatónleika í Bolungarvík og á Ísafirði

Karlakórinn Ernir á norðanverðum Vestfjörðum hélt jólatónleika, í Víkurbæ í Bolungarvík og í Ísafjarðarkirkju, um helgina. Boðið var upp á mjög fjölbreytta efnisskrá en auk kórsins söng kvartettinn Kamerata nokkur lög. Stjórnandi karlakórsins er Maria Jolanta Kowalczyk og um meðleik á píanó sá Elzbieta Anna Kowalczyk. Tónleikarnir voru fjölsóttir og þóttu vel heppnaðir.

Næstu tónleikar verða 13.desember á Þingeyri sem kórfélagar telja eitt af höfuðvígjum kórsins. – *hj@bb.is*

Sýslumaðurinn á Ísafirði

Brennur og flugeldar

*Þeir sem hyggjast hlaða bálkesti til þess að kveikja í þeim á gamlárskvöld eða á þrettándanum skulu sækja um leyfi til þess fyrir **10. desember nk**.*

Fyrir hverri brennu skal tilgreina fulltíða ábyrgðarmann. Með umsókn skal fylgja skriflegt samþykki sveitarstjórnar, slökkviliðsstjóra og starfsleyfi heilbrigðisnefndar, ásamt vottorði frá vátryggingafélagi um ábyrgðartryggingu vegna brennunnar.

*Vakin er athygli á verklagi sem unnið er eftir, varðandi endursöluleyfi á flugeldum, en þar er kveðið á um fjögurra vikna umsóknarfrest. **Því þarf umsókn um leyfi til sölu flugelda og til flugeldasýninga, að berast fyrir 10. desember nk.***

*Umsóknareyðublöð og reglur um **bálkesti og brennur** liggja frammi hjá sýslumanninum á Ísafirði, Hafnarstræti 1, Ísafirði.*

Nánari upplýsingar veitir Arndís Baldursdóttir í síma 450 3711.

Ísafirði, 1. desember 2003,
Sýslumaðurinn á Ísafirði
Sigríður Björk Guðjónsdóttir.

Áhyggjur af lækkun framlaga Jöfnunarsjóðs

Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Bolungarvíkur verða 7-8 milljónum króna lægri á þessu ári en reiknað var með í fjárhagsáætlun. Á fundi í síðustu viku lýsti bæjarráð Bolungarvíkur yfir áhyggjum sínum vegna þessarar stöðu og því að ekki er reiknað með að framlög sjóðsins hækki á næsta ári. Að sögn Einars Pétursson, bæjarstjóra, kemur þessi tekjuminnkun ekki beint niður á framkvæmdum eða þjónustu í Bolungarvík á árinu þar sem hætt hafði verið við nokkur verk af ýmsum ástæðum frá því að fjárhagsáætlun var samþykkt. – *hj@bb.is*

Tillaga um 15 milljóna kr. framlag í Torfnesið

Í breytingartillögu við fjáraukalög fyrir árið sem meirihluti fjárlaganefndar lagði fram í síðustu viku er gert ráð fyrir 15 milljóna króna framlagi til íþróttasvæðisins á Torfnesi. Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar eftir 45 milljóna króna framlagi á fjárlögum til verkefnisins. Í sömu tillögu er gert ráð fyrir 15 milljóna króna framlagi til íþróttasvæðisins á Sauðárkróki þar sem landsmót UMFÍ verður haldið á næsta ári. Þar sem meirihluti fjárlaganefndar leggur tillöguna fram má þykja nánast formsatriði að tillagan hljóti samþykki Alþingis. – *hj@bb.is*

Tveir grunaðir um ölvunarakstur á Ísafirði

Lögreglan á Ísafirði hafði afskipti af tveimur ökumönnum vegna gruns um ölvun við akstur um helgina. Annar þeirra var stöðvaður við akstur aðfararnótt sunnudagsins í miðbæ Ísafjarðar og hinn var stöðvaður þegar hann gerði sig líklegan til aksturs í miðbænum um hádegisbil á sunnudag. Karlmaður á fimmtugsaldri var færður í fangageymslu aðfararnótt föstudagsins þar sem hann hafði valdið ónæði utan við íbúðarhús á Ísafirði með ölvunarlátum sínum. Var hann vistaður í fangageymslu þar til af honum rann. – *hj@bb.is*

Lestu nýjustu fréttir daglega á www.bb.is

Menntaskólinn á Ísafirði

Nemendum fjölgaði um 85 frá árinu 1997

Nemendum sem stunda nám við Menntaskólann á Ísafirði fjölgaði um 85 frá árinu 1997 til ársins 2002, samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Konum í skólanum fjölgaði um 72 og körlum um 13.

Aukningin var stöðug allt tímabilið utan eitt ár. Fjöldi brautskráðra stúdenta með lögheimili á Vestfjörðum hefur haldist svipaður frá skólaárinu 1995-1996 til dagsins í dag og sveiflast frá 42 og upp í 57 á milli ára. Í ljósi fjölgunar nemenda við M.Í. má ætla að hlutur skólans í fjölda brautskráðra stúdenta hafi aukist á undanförnum árum.

Alls hafa frá 97 og upp í 134 nemendur á framhaldsskólastigi, með lögheimili á Vestfjörðum, brautskráðst á hverju ári á sama tímabili.

Menntaskólinn á Ísafirði.

Sitkalúsafaraldur gekk yfir á Vestfjörðum í fyrsta sinn í vor

Óvenjulegt að plága komi upp að vori til

Fyrsti sitkalúsafaraldurinn gekk yfir á Vestfjörðum í vor og úttekt í haust sýnir sömu niðurstöðu. Vorfaraldur var víða um land og hefur ekki gengið yfir hér áður en mest er af lúsinni á höfuðborgarsvæðinu, Snæfellsnesi, vesturhluta Vestfjarða og við Siglufjörð. Guðmundur Halldórsson, skordýrafræðingur hjá Skógrækt ríkisins á Mógilsá, segir að faraldurinn hafi komið upp í vor og hann hafi haldið áfram í haust en um sé að kenna síðasta vetri sem hafi verið mjög hlýr.

„Það sem er mjög óvenjulegt við þetta er að það kemur upp plága að vori til,“ segir Guðmundur og bætir við að lúsarinnar verði enn vart en í mun minna mæli en í vor. Það geti verið vegna sníkjudýra, sem hafi fundist á lúsinni í einhverjum mæli í fyrsta sinn. Lúsin hafi borist til landsins fyrir um 40 árum og hafi breiðst smátt og smátt út um landið, en hennar hafi fyrst orðið vart á Vestfjörðum fyrir nokkrum árum. Mjög lítið er af sitkalús á norðaustanverðu landinu og í innsveitum og segir Guðmundur að á þessum svæðum hafi komið nokkrir kaldir dagar á liðnum vetri og þeir hafi mjög mikil áhrif.

Margir úða trén hjá sér vegna plágunnar en Guðmundur segir að best sé að grípa sem minnst inn í umhverfið. Mjög mörg tré hafi misst mikið barr í faraldrinum og þau eigi á hættu að drepast í vetur. *– hj@bb.is*

Varnargarðurinn við Seljaland

Lokið við kjarnann

Framkvæmdum við kjarnann í snjóflóðagörðunum sem eru í byggingu við Seljaland í Skutulsfirði lauk í síðustu viku. Að sögn Sævars Hjörvarssonar framkvæmdastjóra Kubbs ehf. hefur verkið gengið mun betur en bjartsýnustu menn þorðu að vona. Ræður þar mestu að einmuna tíð hefur verið svo ekki hefur þurft að stöðva vinnu af völdum snjóa.

Framkvæmdir við þetta mikla verk hófust í byrjun júlí. Nú er aðeins eftir að móta snjóflóðakeilur sem verða við garðana og vonast Sævar til þess að þeirri vinnu ljúki í febrúar ef veður leyfir. Þá á aðeins eftir að „smyrja“ garðana en með því er átt við að klæða þá mold svo hægt sé að græða þá upp. Það verk verður unnið í vor.

Mikið efni hefur þurft að sprengja við framkvæmdirnar eins og íbúar fyrir botni Skutulsfjarðar hafa orðið varir við undanfarna mánuði. Að sögn Sævars er stefnt að því að ljúka allri sprengivinnu fyrir áramót. *– hj@bb.is*

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Vestfjörðum

Hlýtur styrk frá Evrópuári fatlaðra

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Vestfjörðum hefur fengið 400 þúsund króna styrk úr nýsköpunar- og styrkjasjóði Evrópuárs fatlaðra. Félagmálaráðherra veitti styrkinn en ráðuneytið auglýsti styrki til umsóknar vegna Evrópuárs fatlaðra síðastliðið sumar. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, Framkvæmdasjóður fatlaðra og félagsmálaráðuneytið standa að styrkveitingunni í tilefni af Evrópuári fatlaðra. Á fimmta tug umsókna barst og var alls óskað eftir styrkjum að upphæð 109 milljónir króna.

Við ákvörðun um styrkina lagði ráðuneytið áherslu á að veita styrki til verkefna á sviði þróunar og nýsköpunar í þjónustu við fatlaða. Einnig að veittir yrðu styrkir til verkefna sem veita fötluðum þjónustu sem þykir framúrskarandi og til eftirbreytni fyrir aðra.

Alls voru veittir tólf styrkir og hlaut Svæðisskrifstofa framlag í verkefni sem fjallar um kosti og ókosti þess fyrir mikið fatlað fólk að búa í íbúð með sólarhringsþjónustu. Helga Björk Jóhannsdóttir, starfandi framkvæmdastjóri Svæðisskrifstofu, veitti styrknum viðtöku.

Styrkþegum er boðið að kynna verkefni sín á ráðstefnu sem haldin verður á vegum félagsmálaráðuneytisins síðla vetrar. Ráðstefnan ber heitið Hin góðu dæmi og er lokaviðburður í skipulagðri dagskrá félagsmálaráðuneytisins í tilefni af Evrópuári fatlaðra. *–hj@bb.is*

SKG veitingar ehf., á Hótel Ísafirði

Stefnt að auknum hlut í ráðstefnuhaldi

Nú er lokið miklum endurbótum á salarkynnum SKG-veitinga á Hótel Ísafirði sem fólust í að bæta aðstöðu matargesta og ráðstefnugesta. Karl Ásgeirsson hjá SKG-veitingum sagði í samtali við blaðið að stefnt væri að því að auka hlut þeirra í ráðstefnu og fundahaldi enda ekki á mörgum stöðum jafn fjölbreytt aðstaða til vinnu og afþreyingar og á Ísafirði. Skipt hefur verið um húsgögn í veitingasölum og komið hefur verið upp fullkomnum skjávarpa til að auðvelda kynningar á fundum. Einnig hefur verið komið upp þráðlausri nettengingu í veitingasölum og bætir það mjög aðstöðu gesta hótelsins. Má því fullyrða að aðstaða til ráðstefnuhalds hjá SKG-veitingum á Hótel Ísafirði er orðin með því besta sem gerist.

– hj@bb.is

Segir kröfur Starfsgreinasambandsins raunhæfar

Pétur Sigurðsson, forseti ASV segir, að kröfur Starfsgreinasambandsins séu raunhæfar í því tilliti, að ekki sé um neina skiptimynt að ræða. Hann segir það út í hött að ræða einhverja samninga, fyrr en áætlanir um skerðingu á atvinnuleysisbótum um þrjá daga, hafi verið teknar til baka af hálfu ríkisstjórnarinnar. Pétur segir allt á sömu bókina lært hjá ríkistjórninni gagnvart þeim sem minna mega sín, en fram hefur komið hjá heilbrigðisráðherra, að ekki verði staðið við tímasetningar um hækkun bóta hjá öryrkjum og samið var um í apríl síðastliðnum.

HG hf: Katlar ehf. auka hlut sinn í tæp 12%

Katlar ehf. sem eru að stærstum hluta í eigu Hraðfrystihússins-Gunnvarar hf. í Hnífsdal hafa aukið hlut sinn í félaginu um 5%. Samkvæmt tilkynningu til Kauphallar Íslands festi félagið kaup á tæplega 34 milljóna króna hlut í HG og á þá eftir viðskiptin 11,99 % af heildarhlutafé félagsins. Samkvæmt viðskiptum í Kauphöll Íslands má ætla að kaupverðið hafi verið 5,75 á hverja krónu nafnverðs eða um 195 milljónir. Eins og greint er frá á öðrum stað hér í blaðinu seldi HG hlut sinn í Guðmundi Runólfssyni hf. fyrir um 385 milljónir króna.

Fyrsta opinbera hnefaleikakeppnin í áratugi

Fyrsta opinbera hnefaleikakeppnin í áratugi á Ísafirði er í undirbúningi. Reiknað er með að hún verði 13. desember. Frá því að ólympískir hnefaleikar voru lögleiddir að nýju á Íslandi hefur áhugi á þeirri íþrótt vaxið jafnt og þétt. Um nokkurra mánaða skeið hafa verið haldnar reglulegar æfingar í Studio Dan. Á þriðja tug manna og kvenna stunda orðið æfingar með keppni í huga. Opinbert mót hefur ekki farið fram ennþá en nú er í bígerð að ráða bót þar á. Ákveðið hefur verið að fyrsti opinberi hnefaleikabardaginn fari fram 13.desember. *– hj@bb.is*

Gerum vel við höfuðbólið

– viðtal við Valdemar Lúðvík Gíslason atvinnubílstjóra í Bolungarvík

Samgöngumál eru eilífðarmál á Íslandi. Sífellt ræða menn og deila stundum, um leiðir til framfara. Þrátt fyrir stórstígar framfarir í samgöngum á liðnum árum finnst flestum framfarir taka langan tíma. Það á sérstaklega við um landssvæði sem á í vök að verjast. Þannig er það um Vestfirði. Hér brenna samgöngumálin mjög á fólki. Þau eru miðpunktur flestra umræðna. Þó er það misjafnt milli manna. Þar ræður sennilega nokkru störf manna og áhugamál. Einn er sá maður sem telur samgöngumál vera ofar öllum öðrum málum þegar rætt er um tækifæri Vestfjarða. Á fínu máli heitir það hagsmunamál Vestfjarða. Valdemar Lúðvík Gíslason í Bolungarvík er maður áhugasamur um bættar samgöngur. Ekki óeðlilegt þegar horft er til þess að hann hefur haft atvinnu af akstri í 40 ár. En það segir ekki alla söguna. Lúlli, eins og hann er ávallt kallaður í Víkinni, var í sveitarstjórn í Bolungavík um árabil. Einn af þeim sem stóðu í ströngu þegar Bolungarvík breyttist úr litlu þorpi, að áliti Ísfirðinga að minnsta kosti, í stóran og fallegan bæ. Hann hefur keyrt Óshlíðina oftar en flestir aðrir og því ekki að undra að honum finnist samgöngumál mál málanna. Honum er efst í huga þær umræður sem hafa verið að undanförnu um hvaða leið skal keyra frá Djúpi til þess að komast í samband við aðra landshluta og þá sérstaklega höfuðborgarsvæðið. Hann var fyrst beðinn að rifja upp söguna þegar ákveðið var að fara úr Djúpi yfir Steingrímsfjarðarheiði.

Ísfirðingar fóru alltaf í kuðung

„Þá voru miklar deilur um hvaða leið ætti að fara úr Djúpi. Það var tekist á um hvort ætti að fara Kollafjarðarheiði eða Steingrímsfjarðarheiði og því miður segi ég varð það ofaná að fara Steingrímsfjarðarheiði. Ég var manna harðastur að fara þá leið einfaldlega vegna þess að vegirnir voru svo lélegir á Barðaströndinni að manni sortnaði fyrir augum að eiga eftir að fara þá leið, ef fara ætti Kollafjarðarheiði. Það þekktu það allir sem voru komnir yfir ákveðinn aldur því þetta var sú leið sem farin var til ársins 1975 er Djúpið opnaði.“

–En nú varst þú í sveitarstjórn þegar þessi slagur fór fram um leiðina úr Djúpi á sínum tíma. Hvað réði því að hún var farin. Voru það hagsmunir Hólmvíkinga sem þið voruð að styðja eða hvað?

„Nei, nei við vorum bara að styðja okkar eigin hagsmuni. Við vorum harðastir í þessu hér í Víkinni. Ísfirðingar skiptu sér ekki af þessum málum þá frekar en áður. Þeir hafa aldrei viljað koma nálægt þessum málum. Þeir tala aldrei um samgöngumál. Hvorki vegamál, flugmál eða neitt annað.“

–Hvernig stendur á því ?

„Það má Guð vita. Ég veit það ekki. Öll þessi tuttugu ár sem ég var í sveitarstjórn höfðu Ísfirðingar aldrei skoðun á þessum málum. Þeir fóru alltaf í kuðung þegar þessi mál voru rædd. Þeim þótti óþægilegt að ræða þessi mál. Voru alltaf að sætta alla og svoleiðis.

Lestu nýjustu fréttir daglega á www.bb.is

Þetta var ákveðið á fjórðungsþingi á Klúku í Bjarnarfirði og við létum sveitarstjórann á Hólmavík flytja tillöguna til þess að sættir tækjust. Það þurfti auðvitað að bæta veginn yfir á Strandir það var óumdeilt. Það var hryllilegt hvernig Strandamenn þurftu að fara til þess að komast vestur þannig að heiðin ein og sér átti rétt á sér."

–En hvernig var umræðan þegar þið voruð að ræða þessa leið á sínum tíma. Voruð þið með það í huga að verið væri að velja endanlega leið úr Djúpi?

„Nei alls ekki. Við litum alltaf á þetta sem lausn til þess að tengja Djúp og Strandir saman. Síðan litum við þannig á að seinna yrði farin önnur leið yfir á Barðaströnd. Þegar þar að kæmi. Það var alltaf þannig í mínum huga."

Jarðgöng úr Dýrafirði ekki vænleg

–Síðan þetta var ákveðið hefur mikið vatn runnið til sjávar. Vegir í Djúpi, Barðastrandarsýslu og Strandasýslu hafa batnað og í framhaldi af því hafa komið fram hugmyndir að nýjum leiðum frá Djúpi. Þar er mest rætt um svokallaða Stranddalaleið annars vegar, um Arnkötludag og Gautsdal og hins vegar heyrist nú sú skoðun að gera eigi jarðgöng milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar og sú leið um Barðaströnd sé besta leiðin fyrir Djúpmenn. Hver er skoðun Valdemars Lúðvíks á þessum hugmyndum?

„Þessar hugmyndir um jarðgöng úr Dýrafirði í Arnarfjörð eru ekki vænlegar. Í fyrsta lagi er engin lausn að fara úr Dýrafirði og í eyðifjörð. Það gengur ekki. Þá er Dynjandisheiðin eftir og síðan Barðaströndin. Við megum ekki gleyma henni. Allir muna eftir því þegar Ómar Ragnarsson var að sýna okkur myndir af fjörðunum á Barðaströnd í sjónvarpinu fyrir nokkrum árum. Þá var komið fram í júní og allt á bólakafi í snjó. Það er alltaf verið að telja mönnum trú um það að Barðaströndin sé snjólaus. Það er hins vegar allt annað að tala um Patreksfjörð og þar í kring. Maður sá það best þegar ég var á netunum í gamla daga þá var eins og að koma í annan heim að koma að Barðanum þá var allt orðið snjólaust. Þetta er ekki líkt. Það fer allt á kaf í snjó í fjörðunum á Barðaströnd það er óhjákvæmilegt. Í Djúpinu hins vegar er þessu öðruvísi farið. Eins og allir vita skefur ekki af sjó þannig að Djúpið er yfirleitt snjólétt. Enda er það tvennt ólíkt hvort þú ert norðan við Djúpið eða sunnan við það. Enda er ennþá snjór á Snæfjallaströnd núna þrátt fyrir þetta góða sumar sem við fengum í ár."

–En verðum við ekki að tengja saman byggðirnar á Vestfjörðum með göngum milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar. Gera fólki á Suðurfjörðum kleift að sækja þjónustu til Ísafjarðar?

„Við höfum reynsluna með Steingrímsfjarðarheiði. Ein af forsendum við lagningu hennar var að gera Strandamönnum kleift að sækja þjónustu á Ísafjörð. Það hafa þeir ekki gert. Svo einfalt er það. Það sama verður með Barðstrendinga. Hinir hagsmunirnir hljóta að vega þyngra að treysta samgöngur allra svæðanna við höfuðborgarsvæðið.

Menn verða að gera sér grein fyrir því að verði gerð jarðgöng milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar fáum við aldrei jarðgöng aftur hér fyrir vestan. Þegar það sannast að þarna fari ekki nema 10-20 bílar á dag verstu vetrarmánuðina þá verður aldrei boðið uppá jarðgöng hér aftur. Þetta verður það mikil skömm fyrir okkur og alla sem að þessu standa."

–Er þá leiðin um Arnkötludal sú leið sem á að fara?

„Nei. Leiðin um Arnkötludal og Gautsdal er auðvitað ágæt leið fyrir Strandamenn og sjálfsagt fyrir þá að fara hana. En af hverju mönnum dettur það í hug að senda okkur fyrst yfir á Strandir og svo yfir í Dali? Menn eru bara fastir í gamla hrepparígnum og því verðum við að fara fyrst á Strandir."

–Hefur þessi leið orðið til svo að Djúpmenn og Strandamenn geti staðið saman?

„Ég hef ekki hugmynd um það. Dettur mönnum það í hug að þó að þessi leið verði ofaná að það minnki eitthvað þrýstingurinn á að fara Þorskafjarðarheiðina. Nei, aldeilis ekki. Það er þegar byrjað að lyfta henni upp og það verður þrýstingur á það áfram. Hún verður opin í átta mánuði á ári í snjóléttum árum eftir nýjustu lagfæringarnar á henni og þess vegna eykst þrýstingurinn á hana. Fulltrúar okkar, bæði þingmenn og sveitarstjórnarmenn geta bara ekki verið að fullyrða eins og sést hefur að undanförnu að framtíðarleið okkar sé um Arnkötludal. Hins vegar vita menn að þetta er mjög góð leið fyrir Strandamenn til þess að losna við sína núverandi leið suður um Hálsa. Það er allt annað mál."

Láglendisvegur til Reykjavíkur

–En erum við þá ekki í pattstöðu. Hver höndin upp á móti annarri. Vantar þá ekki stefnu?

„Menn segja að hér um slóðir hafi menn aldrei sagt álit sitt. Það er nú ekki lengra síðan en 1996 sem 800 manns skrifuðu undir undirskriftarlista um að tengja okkur við Barðaströndina um Djúp. Þessi undirskriftalisti var lagður fyrir Fjórðungsþing það ár.

Draumurinn er auðvitað að fara í göng undir Kollafjarðarheiðina. Hefðum við nú borið gæfu til að byggja tveggja arma göng þar þá hefðum við losnað við Klettshálsinn sem nú er verið að laga. Hann verður aldrei til friðs. Hann verður alltaf leiðinlegur. Hann er í 300-400 metra hæð eins og allir þessir hálsar. Það datt bara engum í hug að það gætu ein jarðgöng dugað úr Djúpi fyrr en Guðjón A. Kristjánsson kom með þessa hugmynd fyrir nokkrum árum. Þegar maður skoðar hins vegar þessa leið í dag að þá undrast maður hvers vegna okkur datt þetta ekki í hug áður. Það er orðið svo afstætt að tala um jarðgangnagerð síðan þessar framkvæmdir við Kárahnjúka byrjuðu. Göngin sem gera á við þá virkjun færu langt með að duga suður allan kjálkann okkar."

–Fyrir þremur árum gerðu samgöngunefndir sveitarfélaganna við Djúp samkomulag um hvernig haga skal málum í samgöngumálum. Hefur verið staðið við það?

„Nei, það er svo skrítið að það var varla þornað blekið þegar farið var að ræða annað. Málið er það að þetta samkomulag gera Djúpmenn um hvernig standa beri að málum hjá þeim sjálfum. Það kemur engum öðrum við hvernig við Djúpmenn förum til Reykjavíkur. Hvort sem það eru Suðurfirðingar, Dýrfirðingar eða Strandamenn með fullri virðingu fyrir þeim öllum. Ég segi einfaldlega að ef þessi ógæfa dynur yfir okkur, sem allt útlit er fyrir að það verði gerð jarðgöng úr Dýrafirði í Arnarfjörð, þá er ekkert annað að gera fyrir okkur en rifja upp gömlu leiðina sem var í umræðunni á árunum upp úr 1980. Þá óskum við eftir leiðinni um Kollafjarðarheiði. Sú leið er mun betri en leiðin um Arnkötludal fyrir okkur Djúpmenn. En vonandi verður skynsemin látin ráða og göngin þarna verði fyrst í röðinni.

Málið er að við erum hér á Vestfjörðum rúm 8.000 og þar af erum við Djúpmenn sennilega 5.500 þannig að við erum 2/3 af Vestfirðingum. Því sér það hver maður að það er óhugsandi að minnihlutinn segi meirihlutanum hvaða leiðir á að fara suður. Þess vegna segi ég að við verðum bara að setja kraft í það að fara göngin undir Kollafjarðarheiði. Það er eina lausnin okkar til að fá láglendisveg til Reykjavíkur. Verði það að veruleika erum við komin með veg sem við verðum 4 tíma að keyra til Reykjavíkur.

Það er alveg sama við hvern þú talar, það tala allir fyrst um samgöngur. Númer eitt tvö og þrjú. Alveg eins og í Ameríku. Um leið og járnbrautin kom þar, þá kom byggðin. Það er alls staðar eins. Byggð sem hefur ekki samgöngur er ekki góð byggð til að eiga heima í.

Eins og útlitið er núna þá verður ferskur fiskur aðalútflutningurinn okkar því frystingin er á undanhaldi. Þá er það ljóst að megin atriðið verður að hafa samgöngur á landi um láglendisveg til Reykjavíkur. Og það sem meira er við erum eini landshlutinn sem getur fengið það. Norðurland og Austurland ná aldrei láglendisvegi til Reykjavíkur. Við verðum því með forskot á hina landshlutana í ferksfiskútflutningi ef þessi leið verður ofaná. Og það fyrir tiltölulega lítinn pening."

Snjórinn kemur örugglega aftur

„Við verðum að átta okkur á því að snjóaár koma aftur. Við megum ekki gleyma okkur þó að við fáum nokkur snjólétt ár. Við verðum að reikna með því að snjórinn komi aftur og því má ekkert lengur útaf bregða í samgöngum um landveg. Það má enginn dagur detta úr. Í dag er þetta þannig að við getum búist við því að Steingrímsfjarðarheiði verði ófær nokkra daga í röð, hvað sem hver segir, og hvaða tækni menn svo sem hafa. Menn verða bara að átta sig á því að á einni óveðursviku getum við tapað öllum okkar samböndum í ferskfiskútflutningi, svo einfalt er það. Við verðum að sveigja okkur að breytingum sem eiga sér stað. Bara á undanförnum mánuðum hefur orðið mikil breyting í sjávarútveginum. Sjófrysting hefur minnkað hröðum skrefum og áherslan í dag er á ferskan fisk. Það gerir auknar kröfur um að leiðin til Reykjavíkur verði hnökralaus.

Annar þáttur eru siglingarnar og þáttur hafnanna. Nú má segja að allur inn- og útflutningur sem fer til og frá landinu sé fluttur með bílum landleiðina til og frá Suðvesturhorninu og það á eftir að aukast. Tíminn sem fer í siglingar í kringum landið er einfaldlega of langur til þess að það borgi sig í samanburði við að keyra þetta um vegina. Því hefur hlutverk hafna verið að breytast eins og við sjáum t.d. á Ísafirði. Svo má einnig nefna fleiri hafnir eins og Akureyri. Þessari þróun verður ekki snúið við. Þannig verða þeir framar í samkeppninni sem betri samgöngur hafa við höfuðborgarsvæðið.

Ef okkur tekst ekki að styrkja Ísafjörð þá deyja byggðirnar í kringum hann. Við verðum að skilja það hvar sem við búum á Vestfjörðum. Hólmavík og Patreksfjörður eða Bolungarvík eiga enga möguleika veikist Ísafjörður ennþá meira. Auðvitað er þetta viðkvæmt mál en þetta er bara staðreynd sem verður ekki breytt."

Breytt atvinnusvæði

„Annað mál er að takist að gera láglendisveg úr Djúpi, þá breytist atvinnusvæði okkar verulega. Þá getum við farið að sækja vinnu í stóriðjuna í Hvalfirði. Þá er það svipað og að vera á sjó fyrir okkur. Vera nokkra daga í burtu og síðan heima í nokkra daga. Þetta er lífsmynstur sem við þekkjum vel Vestfirðingar og það þýðir í framhaldinu að fasteignaverð hækkar. Horfum á Reykvíkinga sem eiga hús þar. Gæti ekki verið að það þætti eftirsóknarvert að selja í Reykjavík fyrir 30-40 milljónir og kaupa ódýrar hér vestra og nota mismuninn til þess að leyfa sér meira í lífinu. Þetta er alþekkt víða um heim að fasteignaverð er hæst næst miðborgum og lækkar síðan þegar fjær dregur en samt sækja menn vinnu inn til borgarinnar. Við verðum að átta okkur á því að við höfum hér eftirsóknarvert mannlíf. Hér er þjónusta með besta móti. Hér er allt við hendina. Menn geta gengið til allra hluta. Þetta þurfum við að kynna.

Vöruverð er t.d. orðið það sama og á höfuðborgarsvæðinu. Þannig er einnig með símakostnað. Nú talar enginn um þá hluti. Kostnaðurinn við búsetu er alltaf að jafnast og í dag er ekkert dýrara að búa úti á landi. Þvert á móti er húsnæðið hér mun ódýrara eins og alls staðar í heiminum, fjær borgum. Því stendur fólk frammi fyrir því með bættum samgöngum geturðu komist af með mun minni þénustu en í borginni. Það gefur fólki hér forskot til þess að vera með fjölskyldunni og eiga sér tómstundir sem menn geta ekki leyft sér í borginni. Þar eru menn uppteknir að vinna fyrir þessu dýra húsnæði. Því gæti fólk búið hér og greitt hér sína skatta. Þróunin verður hér eins og annars staðar í heiminum. Því segi ég ef að vinnu er ekki að hafa hér þá verður bara að sækja hana annað og til þess þurfum við betri samgöngur."

Molbúaháttur og metnaðarleysi

„Þessi molbúaháttur okkar að stefna ekki á fyrsta sæti í samgöngum eins og mögulegt er bæði fjárhagslega og landfræðilega er svo mikil skammsýni og heimóttarskapur. Menn verða að hafa meiri metnað fyrir hönd síns samfélags. Og það að forystumenn Ísafjarðarbæjar hafi ekki meiri kjark til að óska eftir láglendisvegi til Reykjavíkur er alveg svakalegt. Að ætla að keyra fyrst tvo tíma í vestur og svo tvo tíma í austur og fara svo suður það skil ég bara ekki og því síður að ætla að keyra fjóra tíma í norður og svo suður. Þessi Kollafjarðarleið styttir leiðina um klukkutíma.

Við getum bara ekki búið við þetta ástand ef við ætlum að keppa við aðra landshluta.

Þegar búið er að gera Ísafjörð að aðalkjarna hér á svæðinu og búið er að koma samgöngum til Reykjavíkur í gott lag þá fyrst getum við farið að tala um betri samgöngur hér innan fjórðungs. Fyrr ekki. Þær hugmyndir sem nú eru uppi meðal forystumanna í sveitarstjórnum hér gera það að verkum að Ísafjarðarsvæðið sem á að verða byggðakjarninn verður neðsta sæti hvað samgöngur varðar þegar svæðið er borið saman við önnur vaxtarsvæði sem fyrirhuguð eru á landinu. Það er algjörlega óásættanlegt þegar við höfum í höndunum möguleika til þess að verða í fyrsta sæti. Því geta hvorki þingmenn, sveitarstjórnarmenn né aðrir leyft sér svona ábyrgðarlaust tal um jarðgöng úr Dýrafirði og í Arnarfjörð. Það þarf að komast útaf svæðinu á sem skemmstum tíma með vörurnar okkar til markaðarins. Þetta er svo sjálfsagt að það á ekki að þurfa að rífast um það."



Gerum vel við höfuðbólið

–Nú er svolítið sérstakt að heyra þig segja þetta Valdemar Lúðvík. Það orð hefur nú farið af ykkur hér í Bolungarvík að þið séuð nú ekki mjög æstir í samstarf við önnur sveitarfélög. Þekkt er gamansagan um að árið 2010 verði þrjú sveitarfélög á Íslandi þ.e.a.s. Vestmannaeyjar, Ísland og Bolungarvík. Þið viljið alltaf vera einir. Er eitthvað að marka þetta tal hjá þér?

„Já, ég hef alltaf talað fyrir samvinnu. Menn geta unnið saman þó að menn sameinist ekki. Ég held að það eigi bara betur við okkur Íslendinga að vinna náið saman frekar en að sameinast. Það er einhvern veginn í þjóðarsálinni. Því stend ég fast á því að það er stærsta hagsmunamál Bolvíkinga að Ísafjörður eflist. Það getur hins vegar gerst án þess að menn sameinist. Ég sagði alltaf við vini mína á Ísafirði þegar ég var í sveitarstjórn hér. Sitjið þið vel höfuðbólið og þá skulum við sitja vel hjá leigurnar. Þetta fór nú ekki vel í alla en ég meinti þetta."

– En hvernig er þetta með forystu Ísafjarðar var hún aldrei til staðar? Var það kannski vegna góðmennsku eða áhugaleysis að þeir tóku ekki afstöðu eins og þú segir?

„Ég veit það ekki. Ég spurði oft að þessu en fékk aldrei svör. Þeir voru einfaldlega oftast ánægðir með sitt og lengra náði það ekki."

– Það skipti oft um forystumenn á Ísafirði. Hins vegar í Bolungarvík og fleiri stöðum voru þetta alltaf sömu menninirnir í forystu. Hefur þetta ekki skipt máli hjá Ísfirðingum?

„Jú, eflaust en annað er það að t.d. samgöngurnar brunnu meira á öðrum eins og t.d. á okkur í Bolungarvík. Ísfirðingar þurftu aldrei að sækja neitt annað. Höfðu sína Eyri og létu það duga. Við vorum hins vegar alltaf að berjast í þessum samgöngumálum eins og allir aðrir. Þeir kannski skildu aldrei hvað þeir höfðu uppúr því að fá okkur til sín í viðskipti."

–Þú ert þá að segja að sveitarstjórnarmenn sem ræða menningarhús, skóla, og ýmislegt fleira séu ekki með rétta forgangsröð?

„Það er rétt. Það sem mestu máli skiptir máli eru samgöngurnar. Að hafa greiðar samgöngur að og frá. Allt annað getur þú búið til sjálfur þegar samgöngurnar eru komnar. Þú ræður lífsmynstrinu sjálfur. Það er bara þannig að vera með veg í 3-400 metra hæð þýðir einfaldlega að þú ert kominn með gríðarlega þröskulda. Skiptir þá engu hvort heiðin heitir Dynjandisheiði eða Steingrímsfjarðarheiði. Þar tala ég af eigin reynslu ég er búinn að vera atvinnubílstjóri í 40 ár og þekki þessi mál vel. Menn muna þetta bara af Breiðadalsheiðinni. Við vatnsveituna var komin föl, í Austmannsfallinu var kominn snjór í ökkla og í Kinninni var komið í klof."

Mistökin í samgöngumálunum

„Við höfum oft gert mistök í samgöngumálum okkar Vestfirðingar. Þar má nefna orkuna sem fór í undirbúning að byggingu alþjóðaflugvallar í Dýrafirði. Það voru afskaplega óraunhæfar hugmyndir sem menn trúðu á og ég er ekki þar undanskilinn. Menn einfaldlega áttuðu sig ekki á því hvað alþjóðaflugvöllur er og hvað honum fylgir. Eins og staðan er í dag er bara um einn flugvöll að ræða og hann er í Keflavík. Þangað þurfum við að keyra öllum okkar útflutningi í ferskum fiski og til þess þarf betri vegi. Það sem meira er að ég er viss um að Reykjavíkurflugvöllur leggst af fyrr en nokkurn grunar. Nú þegar varnarliðið minnkar sín umsvif þá verður þrýstingur á það að hér verði aðeins rekinn einn stór flugvöllur.

Mér finnst við líka hafa gert mistök í Óshlíðinni. Þar hafa menn ekki ígrundað nægilega vel kostina. Við erum hins vegar komnir góðan veg um hana. Það eru ekki nema 6 km frá Vita og inn að Skarfaskeri. Þar af eru 2 -2,5 km um dalina Seljadal og Kálfadal þar sem engin hætta er. Á þessum rúma kílómetra útaf skriðunum á að setja hólk á veginn og moka yfir hann með jarðvegi. Gerist þetta er þessi vegur orðinn 95% öruggur. Þetta þarf ekki að kosta svo mikið en öryggið verður umtalsvert. Menn eru bara því miður ekki nógu víðsýnir og tilbúnir til tilrauna. Efnið í Óshlíðinni er nefnilega eins og steypa og menn hafa ekki kynnst því annars staðar. Því er það alveg hættulaust að grafa þessa hólka, þeir verða sem steyptir inn með tímanum. Það kom aldrei forarvilpa í Óshlíðina í gamla daga einfaldlega vegna þess að efnið er svo gott. Ég hef trú á að við gætum einfaldlega kippt hólkunum út. "

Björt framtíð Bolungarvíkur ef...

–En hvernig líst þér á framtíð Bolungarvíkur?

„Mér líst ágætlega á hana ef við fáum að veiða og það verður í framtíðinni, ég hef enga trú á öðru. Þetta eru auðvitað stórkostlegar fréttir fyrir okkur með þessari fækkun frystitogaranna. Þetta hlaut að enda svona. Þetta er alls staðar þróunin í heiminum að þeim fer fækkandi af ýmsum ástæðum m.a. umhverfisástæðum. Það eru mörg ár síðan Bandaríkjamenn bönnuðu þessa togara. Við erum hinsvegar alltaf nokkrum árum á eftir öðrum í þessum efnum. Þetta eru bara staðreyndir. Þess vegna eru smábátarnir með pálmann í höndunum ef þeir vilja.

Vandamál sjávarútvegsins er hins vegar það að menn eru alltaf að reikna hvað þeir eru með í höndunum ef þeir hætta. Allt er farið að snúast um það í stað þess að horfa á reksturinn til framtíðar. Eflaust væri ég ekkert öðruvísi en aðrir í því efni. Það eru stjórnmálamenn sem hafa komið mönnum í þessa stöðu. En menn kjósa þetta yfir sig. Menn væla milli kosninga en fara svo á kjörstað og kjósa sama flokkinn. Ég held þetta snúist um það hvort framsókn verður í stjórn áfram eða ekki. Hvort þeim tekst að búa til verðlaunaherferð í auglýsingum eins og fyrir kosningarnar í vor."

–En þá veltur þetta auðvitað á ykkur í Samfylkingunni. Ert þú tilbúinn að kippa Framsókn með ykkur í stjórnarsamstarf til þess að koma Sjálfstæðisflokknum frá völdum?

„Það er auðvitað alveg skelfileg tilhugsun. Ég held að það væri skárra að taka Sjálfstæðisflokkinn þegar Davíð er hættur. En það á eftir að koma í ljós."

Eflaust eiga hugmyndir Valdemars Lúðvíks eftir að vekja umræður og kannski deilur. Kannski verður sagt að hann sé að rjúfa samstöðu. Ekki er að efa að einhverjum finnist að sér vegið með skoðunum hans. Það er svo skrítið að í seinni tíð er það talið veikleikamerki að ræða málin tæpitungulaust. Það veiki byggðirnar að rökræða og setja fram umbúðalausar skoðanir. Getur það verið að það verði styrkur að sitja hjá. Vonandi ekki. Allir þurfa á rökræðum að halda til lengdar. Líka þó að þær séu óþægilegar. Lífið hefur sjaldnast verið þægilegt hér vestra.

–Halldór Jónsson.

bb.is – þessi eini sanni fyrir vestan!

Byltingarkennd nýjung í minkaveiði

Verður Reykhólasveitin minklaust svæði?

Reykhólasveit gæti orðið fyrsta minklausa sveitarfélagið á landinu gangi hugmyndir Reynis Bergsveinssonar veiðimanns í Reykjavík og Reykhólahrepps eftir. Reynir hefur hannað nýtt tæki til veiða á mink sem fullyrt er að valdi byltingu í baráttunni við þetta aðskotadýr í Íslenskri náttúru. Um nokkurt skeið hefur Reynir unnið að hönnun veiðitækis sem nýst gæti við minkaveiðar. Undanfarið ár hefur hann unnið að tilraunum með tækið sem hann kallar minkasíu. Þær lofa góðu og hefur hann óskað eftir einkaleyfi á framleiðslu búnaðarins.

Minkasían er ætluð til veiða á mink í lænum, lækjum og vötnum en minkurinn er mikið sunddýr. Minkasían er nokkurs konar gildra sem minkurinn syndir í og drukknar þar. Síunni er komið fyrir undir vatnsyfirborðinu og heldur hún áfram að veiða þrátt fyrir að minkur sé kominn í hana. Því er ekki nauðsynlegt að huga að henni nema nokkrum sinnum á ári ef vill. Nýtist hún því mjög vel í samanburði við aðrar gildrur sem þarf að huga að með reglubundnum hætti. Reynir hóf framleiðslu á síunni síðastliðið haust og naut til þess styrks m.a. frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins, Vegagerðinni, BM Vallá og fleiri aðilum.

Veiðiaðferðin hefur verið til skoðunar hjá yfirvöldum og hefur nú fengið samþykki Umhverfisstofnunar en slíkt samþykki þar sem veiðar á mink heyra undir dýraverndunarlög þrátt fyrir allt en t.d. ekki reglur um eyðingu meindýra sem hann ætti í raun að heyra undir að mati margra.

Að sögn Reynis getur þessi veiðiaðferð nýst mjög vel samhliða öðrum veiðiaðferðum en kemur ekki í stað þeirra. Þessi aðferð sé mjög góð viðbót við veiðarnar og nýtist á þeim svæðum sem erfitt hefur verið að ná minknum áður þ.e.a.s. undir vatnsyfirborði. Einnig sé misjafnt hvernig gangi að nálgast dýrin með hefðbundnum aðferðum og nefnir Reynir

Lestu nýjustu fréttir daglega á www.bb.is

Aðalfundur Róta, félags um menningarfjölbreytni

Reyni og Pimonlask veittar viðurkenningar

Á aðalfundi Róta, félags áhugafólks um menningarfjölbreytni, sem haldinn var fyrir stuttu var Pimonlask Rodpitake veitt viðurkenning fyrir mikið og gott starf í þágu Tælendinga á Vestfjörðum á árinu en starf Róta á liðnu starfsári var tileinkað Tælandi, hinu brosandi landi. Einnig var Reyni Traustasyni veitt viðurkenning fyrir hönd þeirra sem stóðu að sumarhátíðinni Grænlenskar nætur á Flateyri í sumar.

Reynir Traustason tekur við viðurkenningu sinni úr hendi Elísabetar Ástvaldsdóttur fráfarandi formanns Róta.

Pimonlask sagði í þakkarávarpi sínu m.a. að það væri hugsjón sín að allir fái tækifæri til að kynnast ríkri menningu og hefðum Tælands og að Vestfirðingar af tælensku bergi brotnir fái tækifæri til að halda í hefðir föðurlandsins. Reynir sagði í ávarpi sínu að grænlensk menning væri miklum mun fjölbreyttari og auðugri en hægt sé að fá inngrip í með dagsferð til Grænlands og lýsti sérstöðu og einangrun þeirra sem búa á austurströndinni. Þá gat hann þess einnig varðandi undirbúning hátíðarinnar, hversu erfitt hefði reynst að fá fjárstuðning við menningarviðburð utan höfuðborgarsvæðisins.

Stærstu verkefni Róta á árinu voru tælenskir viðburðir eins og áður sagði og einnig samstarf við alþjóðleg samtök sem sáu um námskeið gegn fordómum í Friðarsetrinu að Holti í Önundarfirði í október. Í framhaldi af því hefur Rótum verið boðið að senda fjóra fulltrúa til Danmerkur á vikulangt námskeið í janúar fulltrúum að kostnaðarlausu.

Ný stjórn Róta var kjörin á fundinum og er hún skipuð þeim Agnieszka Ambroziak, Eddu Katrínu Einarsdóttur, Kristínu Þórisdóttur, Laufey Jónsdóttur, Pimonlask Rodpitake, Sonju Elínu Thompson og Valdimar Jóni Halldórssyni. Í varastjórn félagsins voru kjörin, Dragana Zastavnikovic, Elísabet M. Ástvaldsdóttir og Guðrún Sigurðardóttir.

– hj@bb.is

Pimonlask Rodpitake og Elíasabet Ástvaldsdóttir.

sem dæmi að á svæði þar sem sían hafi verið prófuð í vor hafi minkur einungis veiðst í síu og gildrur en skyttur hafi ekki orðið hans varir. Því sé mjög mikilvægt að allar aðferðir séu notaðar samhliða.

Í tilraunum hafa veiðst um 70 dýr með þessari aðferð í fáar síur. Í framhaldi af því hefur Reynir óskað eftir samstarfi við sveitarfélög um tilraun til þess að gera afmörkuð svæði minklaus. Undirtektir sveitarfélaga hafa verið mjög misjafnar. Bestar undirtektir hafa verið í Reykhólahreppi og hefur skipulagsnefnd hreppsins lagt til að gengið verði til samstarfs við Reyni um að gera Austur-Barðastrandasýslu að minklausu svæði en til þess verði beitt minkasíunni samhliða öðrum aðferðum við veiðar. Í bígerð er að óska eftir stuðningi Umhverfisráðuneytisins við verkefnið en hugmyndir munu hafa verið upp í ráðuneytinu um að gera tilraun í þessa átt. Að sögn Einars Arnar Thorlacius sveitarstjóra verður málið tekið upp við umhverfisráðherra á næstu dögum.

Reynir Bergsveinsson segir að þrátt fyrir að nokkrar efasemdir hafi verið uppi um þessa aðferð sé hann nú sannfærður að um mikla framför sé að ræða við eyðingu minka. Því sé sérstaklega ánægjulegt að finna fyrir áhuga íbúa Reykhólasveitar því fá sveitarfélög séu betra dæmi um svæði þar sem minkurinn hafi farið með eyðingarmætti sínum.

„Minkurinn er ægilegur skaðvaldur sem verður að eyða úr okkar náttúru. Hann útrýmdi sjóurriðastofninum úr íslenskum ám og hann hlífir engum fuglum en þar er örninn ekki undanskilinn. Því verða allir veiðimenn að vinna saman hver með sína aðferð því það dugir ekkert minna.“ sagði Reynir.

Eiríkur ásamt Eyvindi syni sínum.

Fagnar 95 ára afmælinu

Eiríkur A. Guðjónsson á Ísafirði fagnaði 95 ára afmæli á þriðjudag í síðustu viku. Eiríkur er fæddur í Skjaldabjarnarvík á Ströndum og ólst þar upp. Hann er skáldmæltur, víðlesinn maður og fjölfróður, þótt aldrei gengi hann í skóla nema einn vetur í öldungadeild Menntaskólans á Ísafirði, þá nær blindur um áttrætt. Um dagana hefur hann stundað margvísleg störf á sjó og landi, lengst þó sem verkamaður á Ísafirði. Eiríkur er enn hraustur og ern utan blindu síðustu árin. Hann á tvo syni uppkomna og sjö barnabörn og sjö barnabarnabörn. Afmælisbarnið drakk kaffi í tilefni tímamótanna ásamt Eyvindi syni sínum og öðrum vistmönnum á öldrunardeild sjúkrahússins á Ísafirði þar sem hann dvelur.

smáar

Torgsala! Hin árlega torgsala Styrktarsjóðs Tónlistarskóla Ísafjarðar verður haldinn laugardaginn 6. desember kl. 15 á Silfurtorgi. Margt fallegt og gott verður þar til sölu s.s. laufabrauð, lummur, kakó, tertur, kransar og margt fleira.

Til sölu er Jeep Cherokee Laredo árg. 1987, ekinn 190 þús. km. Nýskoðaður og yfirfarinn á verkstæði. Sumardekk á álfelgum ogvetrardekk á felgum. Arsgamalt Pioneer útvarp m/geislaspilara fylgir. Upplýsingar gefur Friða í síma 899 3178.

Aðalfundur foreldraráðs Grunnskólans á Ísafirði verður haldinn í stofu 1, fimmtudagskvöldið 4. desember kl. 20:30. Venjuleg aðalfundarstörf. Kosning tveggja fulltrúa í ráðið. Foreldrar fjölmennið!

Óska eftir lítilli íbúð eða herbergi með aðgangi að eldhúsi til leigu, sem næst miðbænum á Ísafirði. Upplýsingar gefur Ólöf Eir í síma 867 9262.

6. bindið af 101 þjóðsögu er komið út. Höfundur er reiðubúinn að lesa úr bókinni á vinnustöðum og í jólafögnuðum á Ísafirði og nágrenni. Hafið samband, Gísli (Stapi) Hjartar s. 456 3948.

Til sölu er lítið notaður Seayak kajak með ár, stýri, svuntu og galla. Fæst á góðu verði. Uppl. í síma 847 8517.

Óska eftir magnara 60w+. Uppl. í síma 846 0237.

Bráðvantar til leigu 2ja-3ja herb. íbúð á Ísafirði. Upplýsingar í s. 456 8258.

Síðasta spilavistin fyrir jól verður í Hrafnakletti, félagshúsi UMFB Kirkjuvegi 1 í Bolungarvík, föstudaginn 5. desember kl. 20:30. Aðgangseyrir er kr. 500. Allir velkomnir!

Til sölu er Subaru Forrester sjálfskiptur, árg. 2001, ek. 42 þús. km. Uppl. í símum 456 4213 eða 456 3379 á daginn.

Til sölu er 2ja herb. íbúð að Urðarvegi 78 með sérinngangi. Uppl. í síma 456 3928 og 456 4323.

Góðgerðardansleikur Zonta verður 1. janúar 2004 kl. 20 í Frímúrarasalnum á Ísafirði. Verð er kr. 4.500. Dregið í happdrætti úr seldum miðum. Miðasala í Faktorhúsinu í Hæstakaupstað og í síma 899 0799.

Lítil hús á eyrinni á Ísafirði er til leigu. Á sama stað er til sölu eldhúsborð, ISDN-sími, sólarglugga-tjald og borð frá Miru. Upplýsingar í síma 863 1616.

Til sölu er 50 cm breið eldavél. Verð kr. 15 þús. Upplýsingar í síma 456 4727.

Til sölu er Geforce MX 440 skjákort með 64 mb DDR minni, AGP. Verð kr. 5.000.- Uppl. í síma 456 3470.

Samráðsnefndarráðstefna AA samtakanna á norðanverðum Vestfjörðum

Ársfjórðungsráðstefna samstarfsnefndar AA samtakanna á norðanverðum Vestfjörðum verður haldin dagana 5.-7. desember.

Í tilefni þess verða tveir auka AA fundir haldnir. Þessir fundir verða svokallaðir „speakerfundir“ og verða þeir opnir öllum. Fundirnir verða laugardagskvöldið kl. 20:00 og á sunnudag kl. 13:00. Allir eru velkomnir!

Einnig eru vikulegir fundir á eftirtöldum tímum: Þriðjudaga, miðvikudaga, fimmtudaga og föstudaga kl. 21, laugardaga kl. 22 og sunnudaga kl. 20.

Út er komin bókin Einræður Steinólfs í Ytri-Fagradal, skráð af Finnboga Hermannssyni útvarpsmanni, þar sem Steinólfur Lárusson, bóndi í Ytri-Fagradal á Skarðsströnd í Dalasýslu, segir frá. Steinólfur er maður stór í sniðum og löngu orðinn þjóðsagnapersóna í lifanda lífi, ekki síst fyrir meitlað tungutak sitt og frumlega hugsun. Blaðið fékk góðfúslegt leyfi höfundar til að birta kafla úr bókinni.

Af draugum og skrímslum

Draugatrú hefur verið landlæg á Skarðsströnd allt fram á okkar daga og meira að segja dæmi um að bílar hafi gengið þar aftur. Draugur var á landnámsjörðinni Geirmundarstöðum, kallaður Erlendur. Í sunnanverðri Dalasýslu var Sólheimamóri höfuðdraugur. Ekki er lengra síðan en árið 1947 að Þorsteinn sýslumaður gaf lesendum sínum leiðbeiningar í Ferðafélagsbókinni yrðu draugar þessir á vegi þeirra í Dalasýslu. Báðir eru þeir Erlendur og Sólheimamóri litlir vexti í mórauðum fatalörfum, hafa báðir mórauðan hattkúf á höfði og sér lítt í andlit þeim. Það þyrfti að birta mynd af draugunum á umferðarmerkjum. Skarðskotta var einatt á ferli kringum Skarð. Munnmæli segja að hún hafi verið uppvakningur og send Skarðverjum. Hún varð heimilisdraugur á Skarði um aldamótin 1700. Hélt hún til í skoti því á Skarði sem kallað var Skottuskot. Bjarni ríki Pétursson, sem þá bjó á Skarði, keypti það af nágranna sínum að taka að sér drauginn. Svo reið varð Skotta vistaskiptunum að hún laust son Bjarna kinnhest og kjálkabraut hann um leið og hún hvarf frá Skarði. Ennismóri fylgdi ætt einni hér á Ströndinni og urðu margir varir við hann á undan fólki af þeirri ætt.

Tveir draugar birtust bóndanum og miðlinum Brynjúlfi Haraldssyni á Hvalgröfum í draumi. Sóttu þeir um að fá leigt í kjallara ljótum á Hvalgröfum og fengu í draminum. Eftir þetta borguðu þeir leiguna með því að vísa á týnda muni og búsgögn og komu því til skila í áframhaldandi draumum bóndans á Hvalgröfum. Einnig gátu þeir bent á bréf sem hratað höfðu upp fyrir skápa og hirslur. Úr kjallaranum heyrðust um nætur mjög ókennileg hljóð í veruleikanum og var talið að þau stöfuðu af frygð þar sem draugarnir voru sinn af hvoru kyni.

Einn vetur rak hjá mér í Fagradal tvo háhyrninga og tók ég af þeim vænan klump og kastaði í kjallarann þar sem draugarnir áttu að búa, þeim til viðurværis. Svo kom að því að maður var skikkaður til þess að taka manntal, fór bæ frá bæ og skrifaði niður íbúana. Sá var Magnús Halldórsson, bóndi í Búðardal. Síðast kom hann að bænum þar sem þessir sérstöku íbúar áttu að hafa dvalist og opnaði í hálfa gátt. En í sömu svifum og glufa opnaðist milli stafs og hurðar féll manntalsmaðurinn sem skotinn niður í ganginn og lá lengi í óviti. Hann náði þó að skella aftur og síðan hafa þessar tilteknu dyr ekki verið opnaðar og er

STAKKUR SKRIFAR

Í hund og kött

Margt verður til að vekja athygli á Vestfirðingum og tengist gjarnan því er gerist í daglegu lífi. Þarfir okkar borgaranna og langanir eru misjafnar og við gleymum stundum að taka nægilegt tillit til annarra þegar við erum að gera það sem okkur þykir skemmtilegt. Oft berast lögreglu kvartanir vegna hávaða í heimahúsum, þegar partýstandið tekur völdin og húsráðendur og gestir vilja sýna sjálfum sér og öðrum hvílíkar gersemar hljómflutningstækin eru, að nú ekki sé talað um ágæti uppáhaldshljómsveitarinnar. Nokkrar ferðirnar fer lögreglan um allt land til íbúa í því skyni að fá þá til að lækka flugið á tónlistinni og stundum skemmtuninni eins og hún leggur sig. Verra er þegar laganna verðir fá það erfiða hlutskipti að stilla til friðar, hvort heldur er í heimahúsum eða annars staðar, stundum berjast fjölskyldulimir jafnvel hjón og sambýlisfólk. Sem betur fer heyrir þetta til undantekninga, en getur hvort tveggja orðið að stóru vandamáli í fjölbýlis- og sambýlishúsum.

Enn ein plágan eru þeir ungu ökumenn sem telja sig þurfa að láta heiminn heyra að þeir séu með bílpróf og aki um götur þéttbýlis með tilheyrandi innspýtingu bensíngjafarinnar, oft hljóðkútslausir eða jafnvel ná að magna upp hávaðann með einhverjum tæknibrellum. Aðrir vila ekki fyrir sér að valda nágrönnum sínum ónæði með öðrum hætti. Alls kyns skepnuhald er þar framarlega í flokki. Það vekur mikla athygli að hundahald er bannað í þéttbýli og um það settar reglur í svona 30 til 40 sérstökum greinum, sums staðar eru þær fleiri. Ævinlega er það svo, að sú fyrsta fjallar um að hundahald sé bannað í þéttbýli, Ísafjarðarbæ, svo dæmi sé tekið. Hinar greinarnar fjalla allar um það á ítarlegan hátt hvernig fá skuli leyfi hjá sveitarfélaginu, sem bannar að halda hund, til einmitt þess að hafa hjá sér slíka ferfætlinga, sem eðli náttúrunnar samkvæmt gelta, skíta út um allt, þess vegna í blómabeðin í skrúðgörðum einstaklinga og hins opinbera, og sleikja börn, nú eða bíta þau hreinlega. Hundarnir eru ekki allir svo nægjusamir og bíta líka fullorðna. Þeir ganga lausir þrátt fyrir að sérstaklega sé tekið fram í reglunum að lausaganga skuli ekki liðinn og varða sér til greindum viðurlögum. Þau hörðustu eru að hundarnir skuli teknir af eigandum og þeim lógað, það er að segja hundunum, ekki eigandanum. Sjaldan er farið eftir þessu.

Það ná sem sagt einhverjar reglur yfir hundahaldið, sem alls staðar er bannað, en auðvelt að sækja sér undanþágu til velviljaðra bæjarstjórna, sem halda mætti að hefðu þá trú að hundarnir væru á kjörskrá. En kattaplágan hefur nú vakið talsverða athygli á Ísafjarðarbæ og bæjarstjórninni, aðallega þá hinum opinbera kattabana, sem nú vill stofna „Kattholt á Ísafirði" hótel handa köttum. Það athyglisverða er, að kattahald er hvorki bannað né leyft. Þar af leiðandi ættu engir kettir að vera á Ísafirði nema villikettir, sem teljast munu réttdræpir. Hver á að greiða fyrir lúxus uppihald katta sem virðast enga eigendur hafa, nú eða eru opinberlega eigendalausir? Það gera íbúarnir að sjálfsögðu í formi útsvars. Sumum þykir það mikil rausn. Eitt er að minnsta kosti ljóst. Bæjarstjórnin er fullviss um að kettirnir komi hvergi nærri kjörskrá, sem betur fer. Það tók tíma að losna við sauðfé úr bænum og nú er komið að hundum og köttum. Ekki slaka á kattaherferðinni, bætið hundunum við.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Lestu nýjustu fréttir daglega á www.bb.is

bærinn farinn í eyði fyrir margt löngu.

Þá er ótalinn draugabíllinn sem sást fyrir þremur árum hér á Ströndinni. Við hjónin vorum þá á leiðinni heim í Ytri-Fagradal og sáum bíl koma innan að. Þetta var blár bíll og með fullum ljósum. Við komum úr gagnstæðri átt og gerðum ráð fyrir að mæta þeim bláa þegar hann kæmi upp úr gili á leiðinni. En hann birtist ekki og þorði ég ekki annað en aðgæta hvort hann hefði farið út af í gilinu. Enginn var þar þó bíllinn og fannst okkur þetta undarlegt. Ég sá bílnum bregða oftar fyrir og sýndist mér þetta vera Bjalla eða mjög svipaður bíl. Þennan bíl sáu margir. Segi menn svo að draugar fylgist ekki með tækni og framförum hér í Skarðshreppi.

Skrímsli hafa gert sig heimakomin við Breiðafjörðinn og eru af þeim margar sagnir. Ég fór ekki alveg varhluta af þeim félagsskap þegar ég var í selalögnum um 1970. Lögðum við selanet út af skeri einu á fjörunni hér á Skarðsströnd, svona fimmtán metra út. Ég legg netin í alveg rjómalogni og vitja um eftir tvo daga í sama logninu. Netið var alveg fláagreitt, alveg eins og þegar ég skildi við það í lögninni. Ég sá þá að við neðri teininn voru skottleggirnir af tveimur selum. Og það var eins og þeir hefðu verið höggnir af með bitvopni í einni skellu. Sárið var alveg þráðbeint og skinnið skorið snjallt og var gjörsamlega ótætt. Þegar gætt var að netinu var engu líkara en greitt hefði verið úr því með djöfullegri skynsemi og selurinn tekinn úr því. Ekki einn einasti möskvi var slitinn. Ég tel það vera af og frá að þetta hafi verið af mannavöldum þar sem alls engin njósn barst af mannaferðum á þessum tíma.

Ég bar þetta undir vin minn Aðalstein Aðalsteinsson frá Hvallátrum, sem lengi var bryggjusmiður hjá Vitamálum og maður margfróður um furður náttúrunnar og enginn flysjungur. Aðalsteinn fullyrðir að í Breiðafirði sé eitthvert óþekkt skrímsli eða kvikindi sem ekki hafi fundist skýring á og líklega hafi það verið þarna að verki.

Þegar pabbi var vinnumaður í Akureyjum árið 1923 var aðkoman svipuð að selalögn og ég hef nú lýst. Hið sama kom fyrir hjá Reykhólamönnum síðar, nema að þá blæddi úr sárinu.

Alkunna er að kvikindi eitt ókennilegt sást í Höskuldsey snemma á síðustu öld og var mönnum ráðgáta, hvað þar var á ferð. Ég vil alls ekki útiloka að hér við land séu dýr sem ekki hafa verið útskýrð og tel að rannsaka þurfi tilvist þeirra af meiri nákvæmni en gert hefur verið.

Ýmsir fleiri kynlegir atburðir, ef ekki kraftaverk, áttu sér stað hér á Skarðsströnd svo sem gerðist í Nýja testamentinu. Til að mynda fékk blindur sýn. Kristinn Indriðason, hreppstjóri á Skarði, var síðastur í röð lénsherranna á því höfuðbóli sem áður segir og bjó þar fram yfir 1950. Kristinn var hreppstjóri og hafði meðal annars þann starfa að skerða skör manna og skegg. Jón hét bóndi Finnsson og bjó á Geirmundarstöðum. Þegar árin færðust yfir hann tók honum að förlast sýn. Með tímanum varð hann steinblindur og í sjö ár þurfti að reiða undir honum hest milli bæja eða leiða hann gangandi. Svo er það eitt sinn að Jón á Geirmundarstöðum kemur að Skarði og er hár- og skeggvöxtur ógurlegur og andlitið kafloðið sem mest mátti vera. „Andskoti er að sjá þig," sagði Kristinn hreppstjóri, „þú getur ekki verið svona."

Tekur hann sig síðan til og klippir karlinn, bæði hár og skegg og ekki síst augabrýr. Það var eins og við manninn mælt, Jón Finnsson fékk fulla sjón og hélt henni til dauðadags. Vitni að þessu er nýlega látið úti á Manheimum hér á Ströndinni, Boga Kristinsdóttir Indriðasonar, þess er klippti Jón Finnsson.

Ég spurði Kristján augnlækni Sveinsson, ættuðan frá Skarði, hvort hann gæti skýrt þennan bata Jóns, en hann bara hló og hló, sá grandvari og góði maður. Er þessi saga til jartegna um yfirskilvitlega atburði sem alltaf eru að gerast á Skarðsströndinni.

En svo virtist sem þessi einkennilegheit hefðu teygt sig út fyrir Skarðshrepp því hér í nágrannasveit lét bóndi einn gelda sig og urðu eftirmál af geldingunni. Karlinn hafði hlaðið niður börnum með konu sinni og voru þau á hreppnum. Hann vildi sannarlega bjarga sér, aumingja karlinn, og lætur gelda sig. Þegar hann kemur heim, steingeldur að hann hyggur, tekur hann til við að gagnast konunni. Og það var ekkert með það að hún barnaðist. Vill hann nú fara í mál við lækninn sem framkvæmdi geldinguna. Þá var honum sagt að í sæðisgöngunum gæti geymst virkur vökvi nokkra hríð, eins og hjá graðfolum sem ná að fylja nokkrum dögum eftir geldingu. Varð þá ekki frekar úr málaferlum gegn lækninum, þar sem bóndinn skildi að það sama gat gerst hjá honum og graðfolunum. Þetta er dæmi um atburð sem virtist í fyrstu yfirskilvitlegur, en varð síðar ágætlega útskýrður af læknavísindunum.

MAXSEA MARINE SOFTWARE

Skipstjórnarmenn athugið!

Fyrirhugað er að halda MaxSea námskeið á Ísafirði ef næg þátttaka fæst. Allar nánari upplýsingar gefur Jón í síma 511-1010.

radiomiðun

Grandagarði 5-11 · 101 Reykjavík

Jóna Benediktsdóttir á Ísafirði skrifar

Skátastarf í 75 ár

Á þessu ári eru liðin 75 ár frá því að skátastarf hófst á Ísafirði. Af því tilefni langar mig að vekja athygli á því starfi sem fram fer hjá skátunum. Margir telja að í skátunum sé ekkert gert nema syngja gúlligúlli og binda hnúta. Þetta er regin misskilningur. Við bindum auðvitað hnúta og syngjum en það er bara lítill partur af starfinu. Undirrituð var svo heppin að vera í skátunum sem barn og unglingur, það fannst mér vissulega gaman, en þó er það ekki fyrr en núna þegar ég telst vera orðin fullorðin sem mér er orðið ljóst hversu öflugt og gott uppeldisstarf fer þar fram.

Jóna Benediktsdóttir.

Það getur vel verið að krökkum sem eru vanir að horfa á menn skotna í tætlur í sjónvarpinu hjá sér á hverjum degi, og skjóta þá sjálf í tölvuleikjum þess á milli, finnist skátarnir svolítið gamaldags, en gamaldags er ekki endilega slæmt. Í skátunum eflist sjálfstæði krakka, þeir læra að bjarga sér sjálfir og fá að reyna á sig við margskonar aðstæður sem eru bæði krefjandi og skemmtilegar. Kannski finnst ekki öllum spennandi að sofa í snjóhúsi uppi á heiði, eða síga í kletta, svo eitthvað sé upptalið af því sem skátar leggja stund á.

Ég þekki enga krakka sem hafa ekki gaman af því að reyna á sig við ögrandi aðstæður. Þegar upp er staðið líta þeir glaðir til baka yfir liðin ævintýri. En það sem stendur upp úr við starfið hjá skátunum er að krakkarnir eru ekki bara að leika sér. Þar læra menn heilmikið um náttúruvernd og umgengni við landið, alla nauðsynlega þætti til að bjarga sjálfum sér við erfiðar aðstæður og síðast en ekki síst tillitsemi, umburðarlyndi og að hlíta ákveðnum reglum. Fjölbreyttni skátastarfsins hefur líka þau áhrif að þar geta allir verið með, feitir-mjóir-langir og stuttir.

Í starfi mínu sem kennari hugsa ég oft um hvað er mikilvægt að kunna í lífinu, til dæmis: stærðfræði, málfræði ensku eða náttúrufræði, allt þetta skiptir auðvitað máli. En til að manni geti gagnast allt það sem maður er að læra þarf maður að hafa sjálfstraustið í lagi, kunna að vinna með öðrum og að fara eftir þeim reglum sem gilda í samfélaginu. Þetta er einmitt það sem er kennt í skátunum og allir skátar verða að takast á við. Áfram skátar!

– Jóna Benediktsdóttir.

Falshús í Bolungarvík

Fært til upprunalegs horfs sem bátaskýli

Ásgeir Sólbergsson, sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Bolungarvíkur, vinnur nú að endurbyggingu svokallaðs Falshúss í Bolungarvík. Húsið var byggt sem skipasmíðastöð af Fali Jakobssyni á árinu 1932 eða 1934, að sögn Ásgeirs, en þegar Falur féll frá árið 1936 tók Sigmundur sonur hans við rekstrinum og gerði við báta í húsinu nokkur ár á eftir. Þá eignaðist fyrirtæki Einars Guðfinnssonar húsið sem Ásgeir keypti af þrotabúi þess árið 1993.

Ásgeir Sólbergsson við Falshús. Ljósmynd: Baldur Smári Einarsson.

„Ég hef notað það síðan sem bátaskýli, og hyggst gera það áfram, en ákvað í sumar að gera húsið upp og færa upprunalegt horf." Aðspurður segir Ásgeir að í upphafi hafi menn ekki haft mikla trúa á fyrirætlunum hans en þegar tveim hliðum var lokið hafi fólk verið mjög jákvætt gagnvart framtakinu.

Húsið mátti muna glæstari tíð en Ásgeir segir að m.a. hafi verið búið að negla fyrir glugga. „Síðan þegar ég var búinn að opna fyrir gluggana og setja plast í þá leist fólki mun betur á húsið. Ætlunin er að glerja og klára framkvæmdirnar næsta vor", segir Ásgeir. Aðspurður segir hann verkið ekki styrkhæft enda sé húsið ekki það gamalt.

– kristinn@bb.is

Íslensk Verðbréf: Ætla að efla starfsemina

Sveinn Torfi Pálsson, skrifstofustjóri Íslenskra verðbréfa hf. á Akureyri, segir verið að ræða við umsækjendur um starf fulltrúa félagsins á Ísafirði og reiknar með að niðurstaða fáist í næstu eða þarnæstu viku. Allmargar umsóknir bárust. Aðspurður segir Sveinn að rekstur skrifstofunnar á Ísafirði verði með svipuðum hætti og verið hefur. „Við höfum að markmiði að efla starfsemina og ætlum að vera sterkari fyrir vestan en við höfum verið", sagði Sveinn. Íslensk verðbréf opnuðu starfsstöð á Ísafirði í mars á síðasta ári. *– kristinn@bb.is*

Tillaga um framlag til snjóflóðarannsókna

Meirihluti fjárlaganefndar Alþingis hefur gert tillögu um fjögurra milljóna króna framlag til Veðurstofu Íslands sem nýtast skal til Rannsóknarmiðstöðvar snjóflóðavarna á Ísafirði. Stofnun slíkrar miðstöðvar hefur lengi verið baráttumál bæjaryfirvalda á Ísafirði og hefur Veðurstofa Íslands verið með stofnun slíkrar miðstöðvar í undirbúningi. Trausti Jónsson, veðurstofustjóri, sagði í samtali við blaðið að ef tillagan næði fram að ganga væri líklegt að starfsemi rannsóknarmiðstöðvarinnar hæfist á Ísafirði síðla næsta sumars. *– hj@bb.is*

Framlög til lendingarbóta á Vestfjörðum

Í breytingartillögum fjárlaganefndar við fjárlög fyrir árið 2004 er gert ráð fyrir framlögum til lendingarbóta á nokkrum stöðum á Vestfjörðum. Þannig er gerð tillaga um að til lendingarbóta í Grunnavík verði varið 200 þúsund krónum, á Hesteyri 300 þúsund krónum, í lendingarbætur í Aðalvík, Hlöðuvík og á fleiri stöðum verði varið 300 þúsund krónum, við Ós í Ingólfsfirði fari ein milljón króna og að Kolbeinsá í Bæjarhreppi fari 200 þúsund krónur. Þá er lagt til að Ferðaþjónustan Grunnavík ehf . fái framlag að upphæð 800 þúsund krónur. *– hj@bb.is*

Árshátíð Kambs og dótturfélaga haldin með pompi og prakt

Árshátíð Fiskvinnslunnar Kambs á Flateyri, Fiskmarkaðs Flateyrar og útgerðarfélaga í eigu Kambs var haldin með pompi og prakt í Krúsinni á Ísafirði fyrir stuttu. Árshátíðargestir voru alls 125 og voru sætaferðir frá Flateyri og heim aftur eftir ball.

Að sögn Kristjönu Hinriksdóttur hjá Kambi var boðið upp á jólahlaðborð sem þótti afbragðs gott en hljómsveit hússins lék blandaða tónlist undir borðhaldinu. Starfsmenn sáu um skemmtiatriði sem þóttu afbragðsgóð. Vakti m.a. eftirtekt þegar Steinþór Bjarni Kristjánsson skrifstofustjóri, Hinrik Kristjánsson framkvæmdastjóri og Kristjana Hinriksdóttir sungu jólalag á pólsku og uppskáru mikinn fögnuð samstarfsmanna.

Kristjana segir að með atriðinu hafi fylgt áskorun frá „skrifstofuliðinu“ til vinnslunnar að koma með skemmtiatriði á næstu árshátíð. Að skemmtidagskrá lokinni var dansað fram á rauða á nótt við undirleik dúettsins Halla og Þórunnar. Páll Önundarson var á staðnum og tók meðfylgjandi myndir. Fleiri myndir munu birtast í svipmyndum á bb.is.

– kristinn@bb.is

Sunnukórinn á Ísafirði gefur út nýjan sextán laga hljómdisk

„Kveðju mína og kærleiksband“

Nýr sextán laga hljómdiskur Sunnukórsins á Ísafirði er komin út. Diskurinn ber nafnið „Kveðju mína og kærleiksband“ og er tileinkuð vestfirskum tónskáldum. Diskurinn inniheldur lög höfunda allt frá Jónasi Tómassyni eldra og Jóns Laxdal til BG og Ingibjargar auk trúarlegrar tónlistar og tónlistar eftir samtímatónskáld eins og Jónas Tómasson yngri og Hjálmar H. Ragnarsson.

Umslag hljómdisksins er vandað og inniheldur texta allra laganna. Framhliðina prýðir mynd af minnisvarða um Sigvalda Kaldalóns sem stendur á Seleyri við Kaldalón í Ísafjarðardjúpi. Sigurður Rúnar Jónsson, betur þekktur sem Diddi fiðla, stjórnaði upptökum sem fram fóru í Ísafjarðarkirkju í sumar. Einsöng syngja sonur Sigurðar, barítónsöngvarinn Ólafur Kjartan, og Guðrún Jónsdóttir sópransöngkona.

Um undirleik sáu Sigríður Ragnarsdóttir á píanó, Hulda Bragadóttir á orgel, Baldur Geirmundsson á píanó og harmóniku og Samúel Einarsson á bassa. Margrét Geirsdóttir er stjórnandi kórsins. Diskurinn er seld í Bókhlöðunni, Frummynd, Hamraborg og Bónus á Ísafirði en einnig hjá kórfélögum. Þetta er önnur hljómplata Sunnukórsins en árið 1968 gaf hann út 17 laga plötu í samstarfi við Karlakór Ísafjarðar. *– kristinn@bb.is*

ÍSAFJARÐARBÆR

Tendrun jólaljósa í Ísafjarðarbæ

Kveikt verður á jólatrjám í Ísafjarðarbæ fyrir jólin 2003, sem hér segir

Á **Suðureyri** laugardaginn 6. desember kl. 14.00
Á **Ísafirði** laugardaginn 6. desember kl. 17.00
Á **Flateyri** sunnudaginn 7. desember kl. 14.00
Á **Þingeyri** sunnudaginn 7. desember kl. 17.00

Jólatréð á Ísafirði er að vanda gjöf frá Hróarskeldu vinabæ Ísafjarðar í Danmörku og verður afhent af Fylki Ágústssyni á Ísafirði. Á öllum stöðunum verður stutt dagskrá þar sem flutt verða ávörp o.fl. og jólasveinar koma í heimsókn og syngja og dansa með börnunum.

Menningarmálanefnd Ísafjarðarbæjar

BREYTUM - BÆTUM - BYGGJUM

Á að taka til fyrir jólin?

Leigjum öll tæki og tól til verksins

-Láttu fagmenn vinna verkið !

ÁGÚST & FLOSI ehf
BYGGINGAVERKTAKAR
Árnagötu 3, Ísafirði. Sími: 456 5500

helgar dagbókin

Sjónvarp · veður · skemmtanir · íþróttir · fólk · fréttir · kirkjustarf

veðrið

Horfur á fimmtudag:
Suðvestan 10-15 M7s, en heldur hægari norðvestantil. Dálítil rigning um landið vestanvert, en úrkomulítið norðan- og austantil. Hiti 1-6 stig.

Horfur á föstudag:
Sunnan og suðaustan 8-13m/s og rigning eða súld um nær allt land. Hiti breytist lítið.

Horfur á laugardag:
Suðvestlæg átt og dálitlar skúrir vestantil, en bjartviðri norðan- og austanlands. Fremur milt veður.

Horfur á sunnudag:
Suðvestlæg átt og dálitlar skúrir vestantil, en bjartviðri norðan- og austanlands. Fremur milt veður.

Horfur á mánudag:
Fremur hæg austlæg átt og víða væta, en úrkomulítið norðantil.

sportið

Sjónvarpið:
Laugardagur 6. desember:
Kl. 14:25 – Þýski boltinn: Leikur óákveðinn.
Kl. 16:20 – Íslandsmótið í handbolta kvenna: Valur – Haukar

Sýn:
Miðvikudagur 3. desember:
Kl. 19:50 – Enska bikarkeppnin: Manchester United – WBA
Kl. 22:00 – Spænski boltinn: Real Madrid – Atletico Madrid.

Laugardagur 6. desember:
Kl. 12:15 – Enski boltinn: Newcastle – Liverpool.
Kl. 20:20 – Spænski boltinn: Barcelona – Real Madrid.
Kl. 02:00 – Hnefaleikar: Vitali Klitschko og Kirk Johnson mætast í beinni .

Sunnudagur 7. desember:
Kl. 13:45 – Enski boltinn: Everton – Man. City
Kl. 15:50– Enski boltinn: Southampton – Charlton.

Þriðjudagur 9. desember:
Kl. 19:30 – Meistaradeild: Man. Utd. – Stuttgart
Kl. 21:40 – Meistaradeild: Club Brugge – Ajax.

Miðvikudagur 10. desember.
Kl. 19:30 – Meistaradeild: Arsenal – Lokom. Moskva
Kl. 21:40 – Meistaradeild: Lyon – Glasgow Rangers

Stöð 2:
Laugardagur 6. desember:
Kl. 14:45 – Enski boltinn: Man. Utd. – Aston Villa eða Leeds – Chelsea

kirkja

Hólssókn:
Fjölskylduguðsþjónusta í safnaðarheimilinu kl. 11 á sunnudag. Söngur, helgileikur, biblíusaga og kór barna. Aðventukvöld kl. 20:30. Fjölbreytt dagskrá.

Hnífsdalskapella:
Sunnudagaskóli kl. 13.

Ísafjarðarkirkja:
Sunnudagskóli kl. 11. Aðventukvöld kl. 20:30 á sunnudagskvöld.

Suðureyrarkirkja:
Kirkjuskóli kl. 11:00 á laugardag.



Stöð 2: 6. desember kl. 21:40

Tom Cruise leikur aðalhlutverkið í Minority Report, hágæða framtíðartrylli sem gerist á því herrans ári 2054. Það eru góðir tímar hjá löggunni því nú er hægt að handtaka glæpamenn áður en þeir brjóta af sér. Þetta er gert í nafni nýrrar tækni sem hefur rutt sér til rúms. Löggan John Anderton nýtur góðs af þessu þar til hann er sjálfur sakaður um glæp sem hann á eftir að fremja. Hljómar dálítið flókið en það reynist raunin þegar Anderton hefur rannsókn á eigin máli. Leikstjóri er Steven Spielberg. Myndin er stranglega bönnuð börnum.

www.ruv.is

SJÓNVARPIÐ

Föstudagur 5. desember

16.25 At
16.50 Jóladagatalið
17.00 Leiðarljós
17.45 Táknmálsfréttir
17.55 Anna í Grænuhlíð (20:26)
18.20 Snjallar lausnir (23:26)
18.50 Jóladagatalið
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljósið
20.10 Kraftaverk á miðnætti. *(Miracle at Midnight)* Fjölskyldumynd frá 1998. Sagan gerist í Danmörku í seinni heimsstyrjöldinni og segir frá gyðingum sem reyna að fela sig fyrir nasistum. *Aðalhlutverk leika Sam Waterston, Mia Farrow, Justin Whalin og Nicola Mycroft.*
21.45 Af fingrum fram. Jón Ólafsson ræðir við Pálma Gunnarsson, bregður upp svipmyndum frá ferli hans og tekur með honum lagið.
22.30 Dómsdagur. *(End of Days)* Spennumynd frá 1998. Satan kemur til New York í leit að brúði og það kemur í hlut fyrrverandi löggu að reyna að hindra að honum takist ætlunarverkið. *Meðal leikenda eru Arnold Schwarzenegger, Gabriel Byrne, Robin Tunney, Kevin Pollak og CCH Pounder.*
00.35 Laumubrúðkaupið. *(Clandestine Marriage)* Bresk gamanmynd frá 1999 byggð á leikriti frá 1776 um hefðarfólk sem hyggst gifta eldri dóttur sína aðalsmanni. *Aðalhlutverk: Nigel Hawthorne, Joan Collins, Timothy Spall, Tom Hollander og Paul Nicholls. e.*
02.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Laugardagur 6. desember

09.00 Morgunstundin okkar
09.02 Tommi togvagn (23:26)
09.09 Bubbi byggir (16:39)
09.19 Andarteppa (16:26)
09.35 Sögurnar hennar Sölku (3:13)
09.45 Villi spæta (8:26)
10.10 Fræknir ferðalangar
10.32 Stundin okkar
11.00 Jóladagatalið
11.10 Harry og hrukkudýrin (5:7)
11.35 At
12.05 Kastljósið
12.35 Ragnhildur Helgadóttir.
13.05 Geimskipið Enterprise (12:26)
13.50 Lars Ulrich
14.25 Þýski fótboltinn. Bein útsending frá leik í úrvalsdeildinni.
16.20 Íslandsmótið í handbolta. Bein útsending frá leik ***Vals*** og ***Hauka*** í kvennaflokki.
17.05 Táknmálsfréttir
17.15 Íslandsmótið í handbolta
18.00 Svona er lífið (22:36)
18.45 Jóladagatalið
18.54 Lottó
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.40 Laugardagskvöld með Gísla
20.30 Spaugstofan
21.00 Te með Mussolini. *(Tea with Mussolini)* Bíómynd frá 1999 um dreng sem elst upp í samfélagi Breta í Flórens í stjórnartíð Mussolinis. *Meðal leikenda eru Cher, Judi Dench, Joan Plowright, Maggie Smith og Lily Tomlin.*
22.55 Beck - Drengurinn í glerkúlunni. *(Beck: Pojken i glaskulan)* Sænsk sakamálamynd frá 2002 þar sem lögreglumaðurinn Martin Beck glímir við dularfullt mál. Móðir einhverfs drengs finnst látin á heimili sínu og sonurinn heldur á morðvopninu. *Aðalhlutverk: Peter Haber, Mikael Persbrandt, Malin Birgerson, Marie Göranzon, Hanns Zischler og Ingvar Hirdwall.*
00.25 Kvikmynd og kvennamál. *(State and Main)* Bandarísk gamanmynd frá 2000. Allt gengur á afturfótunum hjá kvikmyndagerðarfólki sem ætlar að taka upp bíómynd í smábæ í Vermont. *Meðal leikenda eru Sarah Jessica Parker, Alec Baldwin, Julia Stiles, William H. Macy, Philip Seymour Hoffman og Charles Durning. e.*
02.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Sunnudagur 7. desember

09.00 Disneystundin (8:10)
09.01 Otrabörnin (56:65)
09.23 Sígildar teiknimyndir (14:42)
09.30 Gengið (14:28)
09.56 Morgunstundin okkar
09.57 Babar (34:65)
10.21 Draumaduft (11:13)
10.28 Ungur uppfinningamaður
10.50 Jóladagatalið
10.55 Nýjasta tækni og vísindi
11.10 Vísindi fyrir alla
11.25 Spaugstofan
11.55 Laugardagskvöld með Gísla
12.40 Heimsmeistaramót íslenska hestsins
13.30 Hetjur söngs og sagna
14.10 Af fingrum fram
14.50 Mósaík
15.25 Röddin (1:3)
16.15 Lífshættir spendýra (2:10)
17.05 Markaregn
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Stundin okkar
18.30 Vinslit
18.50 Jóladagatalið
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljósið
20.00 Hljómar í 40 ár. Hljómar, sem hafa verið kallaðir fyrsta íslenska Bítlahljómsveitin, hófu feril sinn í Keflavík árið 1963 og urðu fljótt ein vinsælasta hljómsveit landsins. Í þessari nýju heimildarmynd er sagal Hljóma rakin og blandað saman upptökum frá afmælistónleikum þeirra fyrr í vetur og eldri myndum frá ferli hljómsveitarinnar.
20.55 Hálandahöfðinginn (2:10)
21.50 Helgarsportið
22.15 Tónleikar 46664. Upptaka frá tónleikum sem haldnir voru í Höfðaborg í lok nóvember til að vekja thygli á alnæmisvandanum. Meðal þeirra sem koma fram eru Bono, Anastasia, 50 Cent, Sting, Queen, Pink, Beyoncé og Eurythmics. Tónleikarnir eru haldnir til að vekja athygli á baráttu Nelsons Mandela gegn alnæmi í Afríku og yfirskrift þeirra er fanganúmer hans Robben-eyju á sínum tíma.
23.45 Kastljósið
00.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

www.stod2.is

Föstudagur 5. desember

06.58 Ísland í bítið
09.00 Bold and the Beautiful
09.20 Í fínu formi
09.35 Oprah Winfrey
10.20 Ísland í bítið
12.00 Neighbours
12.25 Í fínu formi
12.40 Off Centre (6:7)
13.00 Rikshaw
13.45 Amazing Race 3 (1:13)
14.30 60 Minutes II
15.15 Dawson´s Creek (17:24)
16.00 Barnatími Stöðvar 2
17.20 Neighbours
17.45 Dark Angel (3:21)
18.30 Ísland í dag
19.00 Fréttir Stöðvar 2
19.30 Ísland í dag
20.00 The Simpsons (1:22)
20.30 Idol-Stjörnuleit. Velkomin í úrslit. Örlög keppenda eru í þínum höndum! Úrslitin ráðast í SMS- og símakosningu. Í kvöld flytja söngvararnir íslensk lög. Þátturinn er í beinni útsendingu.
21.45 The Osbournes (28:30)
22.15 Idol-Stjörnuleit. *(Atkvæðagreiðsla í beinni)* Átta söngvarar halda áfram keppni en einn er úr leik. Ertu búin(n) að greiða atkvæði?
22.35 First to Die. *(Blóðugar brúðkaupsnætur)* Hörkuspennandi framhaldsmynd. Óleyst mál hrannast upp hjá Lindsay og félögum hennar í morðdeildinni. Raðmorðingi gengur laus en fórnarlömbin eru öll nýgift. Ódæðin vekja óhug en morðinginn lætur til skarar skríða sjálfa brúðkaupsnóttina. Lindsay vinnur ötullega að rannsókn málsins en atburðir í einkalífi hennar setja strik í reikninginn. *Aðalhlutverk: Tracy Pollan, Gil Bellows, Carly Pope, Megan Gallagher.*
23.55 What Lies Beneath. *(Undir niðri)* Háspennumynd um fyrirmyndarhjónin Norman og Claire Spencer. Á yfirborðinu leikur allt í lyndi en draugar fortíðarinnar elta húsbóndann uppi. Fyrir ári hélt hann framhjá Claire sem enn þá veit ekkert um það. Sjálf upplifir hún undarlega atburði sem eiga eftir að varpa nýju og ógeðfelldu ljósi á hjónaband hennar. *Aðalhlutverk: Michelle Pfeiffer, Harrison Ford, Diana Scarwid, Joe Morton.*
02.05 Perfect Storm. *(Banvænn stormur)* Háspennumynd um raunir áhafnar fiskibátsins Andreu Gail. Í október 1991 hóaði skipstjórinn Billy Tyne í undirmenn sína og lagði af stað til sverðfiskveiða á Atlantshafi. Fyrstu dagana var lítið að hafa en skipstjórinn þráaðist við og skeytti engu um varhugaverða veðurspá. Þegar hann loksins sá að sér var skollið á óveður og nær ógjörningur að komast aftur til hafnar. Byggt á sannsögulegum atburðum. *Aðalhlutverk: George Clooney, Mark Wahlberg, Diane Lane, Karen Allen.*
04.10 Tónlistarmyndbönd

Laugardagur 6. desember

08.00 Barnatími Stöðvar 2
09.55 The Muppet Christmas Carol
11.20 Töframaðurinn
11.40 Bold and the Beautiful
13.25 Viltu vinna milljón?
14.20 Football Week UK
14.45 Enski boltinn. Bein útsending.
17.10 Oprah Winfrey
18.00 Silfur Egils
18.54 Lottó
19.00 Fréttir Stöðvar 2
19.30 Friends (19:23)
20.00 Sorority Boys. *(Á kvennavistinni)* Gamanmynd um þrjá uppvöðslusama skólastráka sem eru reknir af heimavistinni fyrir litlar sem engar sakir að eigin mati! Þeir vilja rétta sinn hlut en málin taka óvænta stefnu þegar þeir klæða sig í kvenmannsföt. Þeir fá húsaskjól á fölskum forsendum og við tekur skemmtilegur tími. *Aðalhlutverk: Barry Watson, Michael Rosenbaum, Harland Williams, Melissa Sagemiller.*
21.40 Minority Report. Hágæðaframtíðartryllir sem gerist á því herrans ári 2054. Það eru góðir tímar hjá löggunni því ný tækni geir henni kleift að handtaka glæpamenn áður en þeir brjóta af sér. Löggan John Anderton nýtur góðs af þessu þar til dag einn að hann er sakaður um glæp sem á eftir fremja. Hljómar dálítið flókið og það reynist raunin þegar Anderton hefur rannsókn á eigin sakamáli. *Aðalhlutverk: Tom Cruise, Colin Farrell, Steve Harris, Max Von Sydow.*
00.10 Pearl Harbor. Sannsöguleg stórmynd sem hlaut Óskarsverðlaun fyrir tæknibrellur. Sunnudagsmorguninn 7. desember árið 1941 breyttist gangur seinni heimsstyrjaldarinnar. Japanar gerðu þá loftárás á Pearl Harbor og eftir það varð ekki aftur snúið fyrir Bandaríkjamenn. Í myndinni er varpað ljósi á þennan örlagaríka dag þegar Japanar komu bandaríska hernum í opna skjöldu. *Aðalhlutverk: Ben Affleck, Josh Hartnett, Kate Beckinsale, Alec Baldwin, Cuba Gooding Jr..*
03.10 The In Crowd. *(Í tísku)* Dularfull spennumynd. Adrien Williams fær starf á sumardvalarstað unga og ríka fólksins. Adrien, sem hefur þurft að vinna bug á ýmsum andlegum vandamálum, kynnist Brittany Foster sem sýnir henni hvað lífið hefur upp á að bjóða. En þrátt fyrir ríkidæmið eru Brittany og vinir hennar engir fyrirmyndarborgarar. *Aðalhlutverk: Susan Ward, Lori Heuring, Matthew Settle, Nathan Bexton.*
04.55 Tónlistarmyndbönd

Sunnudagur 7. desember

08.00 Barnatími Stöðvar 2
12.00 Neighbours
13.45 Idol-Stjörnuleit
14.50 Idol-Stjörnuleit
15.10 Lífsaugað
15.45 Eldsnöggt með Jóa Fel
16.15 Í svörtum fötum
16.50 Friends (20:23)
17.15 Oprah Winfrey
18.00 Silfur Egils
19.00 Fréttir Stöðvar 2
19.30 60 Minutes
20.25 Sjálfstætt fólk
21.00 Viltu vinna milljón?
21.55 Six Feet Under (11:13)
22.45 Curb Your Enthusiasm (6:10) *(Rólegan æsing 2)* Larry tekst að semja við nálastungusnillingi um að hann sleppi við að borga honum ef ekki takist að laga á honum bakið. En Larry tekst á ótrúlegan hátt að klúðra þeim samningi eins og svo mörgum öðrum.
23.20 Idol-Stjörnuleit
00.20 Idol-Stjörnuleit
00.35 Shaft. Þriggja stjarna glæpamynd. Löggan John Shaft lætur menn ekki komast upp með neitt múður. Hann gengur rösklega fram og á óvildarmenn á ýmsum stöðum. Shaft þarf nú að vera á varðbergi því ungur morðingi telur sig eiga óuppgerðar sakir og ætlar að koma honum í gröfina. Fleiri tengjast þessu sama máli sem Shaft verður að upplýsa áður en það verður um seinan. *Aðalhlutverk: Samuel L. Jackson, Vanessa L. Williams, Jeffrey Wright, Christian Bale.*
02.15 Tónlistarmyndbönd

www.syn.is

Föstudagur 5. desember

18.00 Olíssport
18.30 Trans World Sport
19.30 Football Week UK
20.00 Gillette-sportpakkinn
20.30 Alltaf í boltanum
21.00 UEFA Champions League
21.30 Fastrax
22.00 Mótorsport 2003
22.30 Under Heaven. *(Undirmál)* Dramatísk ástarsaga. Cynthia og Buck eru ung og ástfangin en samband þeirra gengur ekki upp. Leiðir þeirra liggja aftur saman þegar Cynthia er farin að starfa fyrir sterkefnaða konu, Eleanor, sem berst við krabbamein. Cynthia ákveður að taka Buck aftur í sátt ef hann kemur sér í mjúkinn hjá Eleanor og tryggir þeim hlutdeild í auðæfum hennar. *Aðalhlutverk: Aden Young, Joely Richardson, Molly Parker.*
00.05 Kept. *(Banvæn ást)* Spennumynd. Líkin hrannast upp og löggurnar í Los Angeles eru ráðþrota. Svo fara böndin að berast að Barböru sem er framkvæmdastjóri virðulegrar arkitektastofu sem hún rekur með eiginmanni sínum. Barbara virðist hafa óseðjandi kynlífslöngun og hún virðist nú búin að krækja í næsta fórnarlamb. *Aðalhlutverk: Cal Bartlett, Sondra Currie, Paul Michael Robinson.*
01.45 Dagskrárlok - Næturrásin

Laugardagur 6. desember

12.15 Enski boltinn. Bein útsending frá leik ***Newcastle United*** og ***Liverpool***.
14.30 Alltaf í boltanum
15.00 Fastrax
15.30 Gillette-sportpakkinn
16.00 Spænsku mörkin
17.00 Enski boltinn
18.54 Lottó
19.00 Trans World Sport
19.50 Fótboltalandsliðið. Nýr þáttur um íslenska knattspyrnulandsliðið og för

Fasteignaviðskipti
TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
Hafnarstræti 1 – Ísafirði
Símar: 456 3940 & 456 3244
Fax: 456 4547 – Netfang: tryggvi@snerpa.is
Heimasíða: www.bb.is/tg
Vantar eignir á skrá
Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskránni. Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1 og á heimasíðu okkar: www.bb.is/tg

Lestu nýjustu fréttir daglega á www.bb.is

Sælkerar vikunnar

er Björg Kristjánsdóttir í Bolungarvík

Hvítlaukssúpa, svínaframhryggjasneiðar og marsípanísterta

Ljóst er að þeir sem smakka súpuna hennar Bjargar fá ekki kvef í bráð a.m.k. ef marka má það sem segja hvítlauk allra meina bót því hann er ekki skorinn við nögl í þessari uppskrift. Aðalrétturinn er ekki bragðminni þar sem Dijon sinnep er í aðalhlutverki sem krydda á svínakjötinu. Eftirlætishráefni margra sælkera eru í aðalhlutverki í eftirréttinum, veglegri ístertu þar sem marsípan, núggat og súkkulaði leika um bragðlaukana.

Hvítlaukssúpa

32 hvítlauksrif söxuð (u.þ.b. 4 laukar)
1 laukur saxaður
1 lítri kjötsoð (kjúklingateningur)
2 hálfdósir tómatar

Látið lauk og hvítlauk krauma í smá olíu en ekki brúnast. Blandið kjötsoði og tómötum saman við laukinn, látið suðuna koma upp og stráið steinselju yfir til að taka lauklyktina. Berist fram með brauði.

Svínaframhryggjasneiðar (fyrir 4)

4 stórar framhryggjasneiðar
1 ½ dl tómatsósa
3 tsk Dijon sinnep

Penslið sneiðarnar með sinnepi og tómatsósu. Steikt í ofni í eldföstu móti við 180° í u.þ.b. 45 mínútur.

Sósa

1 peli rjómi
4 msk tómatsósa
1 tsk Dijon sinnep
smávegis svartur pipar og salt

Setjið allt hráefnið í pott, hitið að suðu og berið fram með kjötinu. Gott er að hafa með soðin hrísgrjón og hrásalat.

Marsípan ísterta

5 eggjahvítur
150 g strásykur
150 g marsípan
½ dl mjólk

Hrærið saman marsípan og mjólk. Stífþeytið eggjahvíturnar og setjið sykurinn smátt og smátt saman við. Blandið öllu varlega saman með sleif. Búið til tvo þunna botna og bakið við 140° í 40 mínútur. Gott er að nota bökunarpappír undir en hafið ofninn ekki stilltan á blástur. Látið botnana kólna á pappírnum áður en þeir eru teknir af.

Núggatís

80 g núggat hrært (ekki brætt) með tveimur eggjarauðum og einum tappa af vanilludropum. Blandið síðan 1 pela þeyttum rjóma saman við.

Súkkulaði ís

Þeytið saman 2 eggjarauður og 50 g flórsykur þar til létt og ljóst. Bætið 1 tappa af vanilludropum saman við ásamt 75 g af bræddu súkkulaði og 1 pela af þeyttum rjóma.

Byrjið á botni og setjið núggatís þar ofan á. Þá seinni botninn og loks súkkulaðiís efst. Frystið tertuna í 4 klukkustundir. Berið fram sem eftirrétt eða með kaffi.

Ég ætla að skora á Jensínu Sævarsdóttur í Bolungarvík að vera sælkeri næstu viku.

þess til Bandaríkjanna í nóvember. Ásgeir, Logi og strákarnir héldu til San Francisco þar sem leikinn var vináttulandsleikur við Mexíkó.
20.20 Spænski boltinn. Bein útsending frá leik ***Barcelona*** og ***Real Madrid***.
22.30 Commando.*(Sérsveitarforinginn)* Æsispennandi hasarmynd. Sérsveitarforinginn John Matrix er sestur í helgan stein og sér fram á náðuga daga. Ráðagerð hans fer hins vegar út um þúfur þegar samviskulaus einræðisherra rænir dóttur hans. Mannræninginn krefst þess að Matrix taki forseta í Suður-Ameríku af lífi. Geri hann það ekki mun hann aldrei sjá dóttur sína aftur á lífi. *Aðalhlutverk: Arnold Schwarzenegger, Rae Dawn Chong, Dan Hedaya, Vernon Wells, David Kelly.*
00.10 Hnefaleikar. Útsending frá hnefaleikakeppni í Los Angeles. Á meðal þeirra sem mættust voru Lennox Lewis, heimsmeistari í þungavigt, og Vitali Klitschko.
02.00 Hnefaleikar. Bein útsending frá hnefaleikakeppni í New York. Á meðal þeirra sem mætast eru þungavigtarkapparnir Vitali Klitschko og Kirk Johnson.

Sunnudagur 7. desember

12.30 Boltinn með Guðna Bergs
13.45 Enski boltinn. Bein útsending frá leik ***Everton*** og ***Manchester City.***
15.50 Enski boltinn. Bein útsending frá leik***Southampton*** og ***Charlton Athletic.***
17.50 European PGA Tour 2003
18.45 Hnefaleikar
21.00 Boltinn með Guðna Bergs
22.30 UEFA Champions League
23.00 Enski boltinn
00.40 Dagskrárlok - Næturrásin

www.s1.is

Föstudagur 5. desember

17:30 Dr. Phil McGraw
18:30 Popppunktur (e)
19:30 Malcolm in the Middle
20:00 Banzai
20:30 Family Guy
21:00 Meet my Folks
22:00 Djúpa laugin. Undanfarin tvö ár hefur verið auglýst eftir nýju umsjónarfólki hins sívinsæla stefnumótaþáttar með frábærum árangri. Nokkur pör hafa fengið að spreyta sig í beinni útsendingu og í sumar brá svo við að ómögulegt var að gera upp á milli þriggja efnilegra stjórnenda! Það verða því þrír sundlaugarverðir sem skiptast á að stefna fólki á óvissustefnumót í beinni útsendingu í vetur og markmiðið er að búa til fleiri börn!
23:00 Malcolm in the Middle (e)
23:30 The King of Queens (e) Doug Heffermann sendibílstjóra sem þykir fátt betra en að borða og horfa á sjónvarpið með elskunni sinni verður fyrir því óláni að fá tengdaföður sinn á heimilið en sá gamli er uppátækjasamur með afbrigðum og verður Doug að takast á við afleiðingar uppátækjanna.
00:00 CSI: Miami (e)Í spennuþáttunum CSI: Miami er fylgst með réttarrannsóknardeild lögreglunnar í Miami, sem undir forsæti Horatios Cane leysir erfið og ógeðfelld mál. Þættirnir eru systurþættir hinna geysivinsælu CSI sem sýndir verða á SKJÁTVEIMUR.
00:50 Dragnet (e)
01:40 Dr. Phil McGraw (e)

Laugardagur 6. desember

12:30 Jay Leno (e)
13:15 Jay Leno (e)
14:00 Maður á mann (e)
15:00 Dragnet (e)
16:00 Djúpa laugin (e)
17:00 Survivor - Pearl Islands (e) Sjöunda þáttaröð hinna geysivinsælu veruleikaþátta SURVIVOR. Nú fer keppnin fram á Pearl Islands, sem liggja utan við Panama og stefnir í svakalega spennu.
18:00 Fólk – með Sirrý (e) Fólk með Sirrý verður á sínum stað í vetur og fjölbreyttur sem aldrei fyrr. Þátturinn hefur fest sig í sessi sem einn vinsælasti vettvangur líflegrar umræðu um málefni líðandi stundar, enda er Fólki ekkert mannlegt óviðkomandi.
19:00 The Drew Carey Show (e) Magnaðir gamanþættir um Drew Carey sem býr í Cleveland, vinnur í búð og á þrjá furðulega vini og enn furðulegri óvini. Klæðskiptingurinn bróðir hans gerir sitt til að flækja líf Drews og vinnufélagarnir ofækja hann, þó ekki að ósekju.
19:30 The King of Queens (e) Doug Heffermann sendibílstjóra sem þykir fátt betra en að borða og horfa á sjónvarpið með elskunni sinni verður fyrir því óláni að fá tengdaföður sinn á heimilið en sá gamli er uppátækjasamur með afbrigðum og verður Doug að takast á við afleiðingar uppátækjanna.
20:00 Malcolm in the Middle
20:30 Everybody Loves Raymond
21:00 Popppunktur. Spurninga- og skemmtiþátturinn Popppunktur sameinaði fjölskyldur landsins fyrir framan viðtækin síðasta vetur. Þeir dr. Gunni og Felix hafa setið sveittir við að búa til enn fleiri og kvikindislegri spurningar sem þeir ætla að leggja fyrir þá fjölmörgu poppara sem ekki komust að í fyrra. Bryddað verður upp á ýmsum nýjum og umhverfið „poppað" upp. Það má búast við gríðarlegri spennu í vetur.
22:00 Law & Order (e) Bandarískir sakamálaþættir með New York sem sögusvið. Þættirnir eru tvískiptir; í fyrri hlutanum er fylgst með lögreglumönnum við rannsókn mála og er þar hinn gamalreyndi Lennie Briscoe fremstur í flokki en seinni hlutinn er lagður undir réttarhöld þar sem hinir meintu sakamenn eru sóttir til saka af einvalaliði saksóknara en oft gengur jafn brösuglega að koma hinum grunuðu í fangelsi og að handsama þá.
22:50 Joe Millionaire (e)
23:40 Meet my Folks (e)
00:30 Keen Eddie (e) Spæjarinn Eddie er gerður útlægur frá starfi sínu í Bandaríkjunum og sendur í til starfa í Bretlandi. Þar lendir hann í hremmingum af ýmsum toga og fær tækifæri til að sína ótvíræða hæfileika sína til rannsóknarstarfa. Bandarísk spenna og breskur húmor!
01:15 Dr. Phil McGraw (e)

Sunnudagur 7. desember

12:30 Jay Leno (e) Jay Leno er ókrýndur konungur spjallþáttanna. Leno leikur á alls oddi í túlkun sinni á heimsmálunum og engum er hlíft. Hann tekur á móti góðum gestum í sjónvarpssal og býður upp á góða tónlist í hæsta gæðaflokki. Þættirnir koma glóðvolgir frá NBC - sjónvarpsstöðinni í Bandaríkjunum.
13:15 Jay Leno (e)
14:00 Dr. Phil McGraw (e)
15:00 Queer eye for the Straight Guy Samkynhneigðar tískulöggur gefa einhleypum, gangkynhneigðum körlum góð ráð um hvernig þeir megi ganga í augun á hinu kyninu...
16:00 Judging Amy (e) Hinir vinsælu þættir um fjölskyldumáladómarann Amy Gray og við fáum að njóta þess að sjá Amy, Maxine, Peter og Vincent kljást við margháttuð vandamál í bæði starfi og leik.
17:00 Innlit/útlit (e) Innlit/útlit þarf vart að kynna. Þátturinn hefur nú göngu sína 5. árið í röð og ekkert lát er á vinsældum hans. Vala Matt hefur með aðstoð valinkunnra fagurkera frætt íslenska sjónvarpsáhorfendur um nýjustu strauma og stefnur í hönnun og arkitektúr, farið í heimsóknir inn á heimili af öllum stærðum og gerðum og spjallað við hönnuði og hugmyndasmiði.
18:00 Joe Millionaire (e)
19:00 Still Standing (e) Miller fjölskyldan veit sem er að rokkið blífur, líka á börnin. Sprenghlægilegir gamanþættir um fjölskyldu sem stendur í þeirri trú að hún sé ósköp venjuleg, þrátt fyrir ótal vísbendingar umhverfisins um allt annað.
19:30 Malcolm in the Middle
20:00 Keen Eddie. Spæjarinn Eddie er gerður útlægur frá starfi sínu í Bandaríkjunum og sendur í til starfa í Bretlandi. Þar lendir hann í hremmingum af ýmsum toga og fær tækifæri til að sína ótvíræða hæfileika sína til rannsóknarstarfa. Bandarísk spenna og breskur húmor!
21:00 The Practice. Margverðlaunað lagadrama framleitt af David E. Kelley sem fjallar um líf og störf verjendanna á stofunni Donnell, Young, Dole & Fruitt og andstæðing þeirra saksóknarann Helen Gamble sem er jafn umfram um að koma skjólstæðingum verjendanna í fangelsi og þeim er að hindra það.
22:00 Maður á mann
22:50 Popppunktur (e) Spurninga- og skemmtiþátturinn Popppunktur sameinaði fjölskyldur landsins fyrir framan viðtækin síðasta vetur.
23:50 Family Guy (e) Teiknimyndasería um xxx fjölskylduna sem á því láni að fagna að hundurinn á heimilinu sér um að halda velsæminu innan eðlilegra marka...

Sýn: 5. desember kl. 22.30

Undurmál eða Under Heaven, er dramatísk ástarsaga frá árinu 1998 sem segir frá Cynthiu ogBuck sem eru ung og ástfangin en samband þeirra gengur ekki upp. Leiðir þeirra liggja aftur saman þegar Cynthia er farin að starfa fyrir sterkefnaða konu, Eleanor, sem berst við krabbamein. Cynthia ákveður að taka Buck aftur í sátt ef hann kemur sér í mjúkinn hjá Eleanor og tryggir þeim hlutdeild í auðæfum hennar. Aðalhlutverk leika Aden Young, Joely Richardson og Molly Parker. Leikstjóri er Meg Richman.

spurningin

Finnur þú fyrir þunglyndi í skammdeginu?

Alls svöruðu 350.
Já sögðu 100 eða 29%
Nei sögðu 205 eða 59%
Mjög vægu sögðu 45 eða 13%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Aðeins er tekið við einu svari frá hverri tölvu. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 250 m/vsk

Nýjasta kvikmynd Einars Þórs Gunnlaugssonar frá Hvilft

Sonur Gerard Depardieu í einu aðalhlutverkanna

Kvikmyndagerðarmaðurinn Einar Þór Gunnlaugsson, frá Hvilft í Önundarfirði, hefur ráðið franska leikarann Guillaume Depardieu til að leika eitt aðalhlutverkið í næstu mynd sinni „Grunsamlega venjulegur“. Guillaume á að baki fjölda kvikmynda en hann er einnig þekktur sem sonur hins vinsæla franska leikara Gerard Depardieu. Einar skrifaði handritið og leikstýrir.

Myndinni var hafnað um styrk í fyrstu úthlutun Kvikmyndamiðstöðvar Íslands undir svokallaðri 40/60 skiptireglu en verkefnið hafði þá fengið 60 milljóna króna vilyrði. Í kjölfarið var framleiðsla myndarinnar alfarið flutt til útlanda.

Leikaraprufur fara fram í London og er ætlunin að ljúka ráðningum í janúar. Margar helstu stöður hafa verið mannaðar og er m.a. búið að ráða ungverska kvikmyndatökumanninn Gergely Poharnok. Áætlað er að hefja tökur með hækkandi sól. – *kristinn@bb.is*



Feðgarnir Guillaume og Gérard Depardieu. Ljósmynd: Allocine.fr

Jólaljósin komin upp á Silfurtorgi

Hátíðlegur blær hefur færst yfir miðbæ Ísafjarðar nú þegar jólaljósin hafa verið sett upp á Silfurtorgi og í Hafnarstræti. Mörgum þykir nóg um hversu snemma jólatilstandið hefst en aðventan er hafin og því geta jólaljósin varla talist ósmekklega snemma á ferð. Aðrir eru upprifnir yfir jólaljósavæðingunni og hefðu helst viljað fá þau mikið fyrr til að lýsa upp skammdegið enda hefur mátt sjá einkareknar jólaseríur á nokkrum húsum á Ísafirði um hríð. Lítið hefur verið um snjó á Ísafirði það sem af er vetri en fyrir skömmu lagði smá föl yfir jörðina svo heldur hefur birt til.

– kristinn@bb.is

Hafdís Pálsdóttir, 19 ára menntaskólamær á Ísafirði

Hafnaði í 4.-5. sæti í píanókeppni EPTA

Hafdís Pálsdóttir, 19 ára menntaskólamær á Ísafirði, hafnaði í 4.-5. sæti í úrslitakeppni framhaldsstigs píanókeppni EPTA, Evrópusambands píanókennara sem haldin var í Salnum í Kópavogi á laugardag.

Hafdís er nemandi við Tónlistarskóla Ísafjarðar en alls tóku fjórir nemendur skólans þátt í keppninni, tveir á miðstigi og tveir á framhaldsstigi. Hafdís var sú eina þeirra sem komst áfram úr forkeppni og keppti til úrslita við fjóra aðra píanóleikara.

Beta Joó er píanókennari Hafdísar. Hún segist afar ánægð með árangur nemenda Tónlistarskólans en þeir hafi verið stærsti hópurinn af landsbyggðinni, aðeins einn keppandi hafi t.d. komið frá Akureyri. „Bestu kennararnir í Reykjavík eru að senda sína nemendur í keppnina“, segir Beata.

Hafdís Pálsdóttir.

Auk píanóleiks hefur Hafdís lagt stund á sellónám. Hún leikur með hljómsveit Tónlistarskólans og kennir við útibú skólans á Flateyri. Sigríður Ragnarsdóttir, skólastjóri TÍ, segir keppnina hafa gengið vel og ungmennin fjögur frá Ísafirði og Suðureyri verið bænum til sóma.

„Þau eru öll sigurvegarar því þau hafa staðið sig svo vel. Við sjáum líka að okkar krakkar standast fyllilega samanburð við jafnaldra sína annars staðar á landinu. Árangur Hafdísar er mjög ánægjulegur enda er hún búin að vinna ákaflega vel fyrir honum og hefur æft 3-4 tíma á hverju kvöldi að undanförnu“, segir Sigríður.

Auk Hafdísar tóku þau Tómas Árni Jónasson, Halldór Smárason og Eyrún Arnarsdóttir þátt í keppninni fyrir hönd Tónlistarskóla Ísafjarðar.

– kristinn@bb.is

Breytingartillögur við fjárlög 2003

Aukin framlög til safna á Vestfjörðum

Í breytingartillögum sem fjárlaganefnd Alþingis lagði fram í síðustu viku er gert ráð fyrir nokkrum framlögum til safnamála og endurbygginga gamalla húsa og báta á Vestfjörðum sem ekki voru í upphaflegu fjárlagafrumvarpi.

Þar má nefna að sjö milljónum króna verður varið til að ljúka endurbótum á Þingeyrarkirkju í Dýrafirði, fimm milljónum króna til endurbóta á húsinu Skjaldborg á Patreksfirði, fjórum milljónum króna til að greiða kostnað og ljúka endurgerð á gamla félagsheimilinu á Hólmavík og tveimur milljónum króna til endurbóta á kirkjunni í Flatey á Breiðafirði.

Galdrasýning á Ströndum fær sjö milljóna króna framlag, sömu upphæð verður varið til sjóminjasafnsins í Ósvör í Bolungarvík, minjasafn Egils Ólafssonar fær eina milljón króna í hönnun og skipulag lóðar og Harmonikkufélag Vestfjarða fær 300 þúsund krónur í harmonikusafn.

Þá er tillaga um að veita verkefninu Vestfirðir á miðöldum sjö milljónum króna, Sögufélag Ísfirðinga fær tvær milljónir króna, í viðgerð á eikarbátnum Sædísi ÍS á Ísafirði er varið þremur og hálfri milljón, *– hj@bb.is*

Byggðamerki Súðavíkurhrepps

Sólin verður aftur blá

Hreppsnefnd Súðavíkurhrepps hefur breytt nýju byggðamerki sveitarfélagsins vegna athugasemda frá Einkaleyfastofu. Hreppsnefndin ákvað í haust að gera breytingar á byggðamerki sveitarfélagsins og var hönnuður þess Dagbjört Hjaltadóttir fengin til verksins. Í september var samþykkt hugmynd hennar að nýju merki og var það sent Einkaleyfastofu til skráningar en nýlega bárust þaðan athugasemdir við merkið.

Byggðamerki Súðavíkur fyrir og eftir breytingu.

Að sögn Ómars Jónssonar gilda nokkuð strangar reglur hjá Einkaleyfastofu vegna byggðamerkja sem óskað er skráningu á. Ómar segir að athugasemdirnar hafi átt við um lögun merkisins og einnig litanotkun þar sem ekki hafi mátt nota gulan lit sólarinnar sem kastaði geislum sínum yfir hafflötinn. Því hafi hreppsnefnd ákveðið að fara að þessum tilmælum annað hafi ekki þótt fært.

Þess má geta að það kostar 40.000 krónur að skrá byggðamerki hjá Einkaleyfastofu. Verður því sól víðkunnrar veðursældar Álftafjarðar blá í merki Súðavíkurhrepps í framtíðinni. Hugsa því margir Álftfirðingar til Galileos og segja „Gul er hún nú samt“. *– hj@bb.is*